



2017-

500 árum eftir Lúter

...Hvað hefur farið úrskeiðis síðan á tímum Lúters?



2017 - 500 árum eftir Lúter

...Hvað hefur farið úrskeiðis síðan á tímum Lúters?

Þann 31. október, 2017, verða liðin 500 ár síðan Lúter negldi hinar 95 greinar á kirkjudyrnar í Wittenberg. Þessar 95 greinar sýndu sumar af hinum óbíbílíulegu kenningum og hefðum kaþólsku kirkjunnar. Fólk er forviða að einn maður skuli hafa dirfst að gera slíkt. Hugsíð ykkur að tala gegn Róm - einn maður gegn öllu kerfinu.

Þessar 95 kenningar dreifðust um allt Þýskaland og síðan um allan heim á örskömmum tíma. Almennigur sá fljótlega að kenningar og hefðir kaþólsku

kirkjunnar voru óbíbílíulegar, og gekk til liðs við hreyfingu Lúters. Líflegar umræður spunnust um hinar 95 greinar en þær breyttu einnig hugsunarhætti fólks.

Fólk leit upp til prestanna þar sem þeir einir höfðu aðgang að Biblíunni. Þeim var treyst fyrir að flytja orð Guðs ómengað. Með þessum 95 greinum sínum benti Marteinn Lúter á að kenningar og hefðir prestanna væru ekki í samræmi við kenningar Biblíunnar. Fljótlega mynduðust tvær andstæðar fylkingar – kaþólska kirkjan annarsvegar og



fylgismenn kenninga Lúters hinsvegar.

Vegna þess að Lúter hélt fast við hinar nýju kenningar sínar var honum að lokum stefnt fyrir kirkjuþingið í Worms. Ráðið vildi að hann fylgdi núverandi hefðum og afneitaði öllum sínum kenningum. Þrátt fyrir það sagði Lúter: „*Sannið með ritum spámannanna og postulanna að ég hafi rangt fyrir mér. Um leið og þið gerið það mun ég viðurkenna villu mína og vera fyrstur til að kasta ritum mínum í eldinn.*“ Og hann hélt áfram: „*Ég get hvorki beygt trú mína undir úrskurð páfa né kirkjuþing, því það er deginum ljósara að hvorugt er óskeikult og hvort tveggja hefur oftsinnis farið með rangt mál og verið í mótsögn hvort við annað. Sannfærist ég ekki af vitnisburði Biblíunnar eða ljósum rökum, sannfærist ég ekki með tilvitnun í þær greinar sem ég hef lagt fram, og verði samviska mín ekki þannig bundin af orði Guðs, þá hvorki get ég né vil taka aftur orð mín, því það er hættulegt fyrir kristinn mann að mæla gegn samvisku sinni. Hér stend ég og get ekki annað; svo hjálpi mér Guð. Amen.*“ (D'Aubigné, 7. bók, 8. kafli).

Mómæli kristnu furstanna

Karl V. Keisari vildi stöðva Lúter og siðbótina. Árið 1529 kallaði hann saman til kirkjuþingið í Speyer, mönnum páfans til mikillar gleði. Þar var ákveðið að koma í veg fyrir að siðbótarmenn gætu dreift kenningum sínum. Þar var einnig ákveðið að siðbótarmenn mættu ekki setja sig upp á móti eða mæla gegn altarisgöngunni. Og einnig að enginn kaþólikki mætti taka við boðskap Lúters.

Þessir kristnu furstar, sem voru fylgjandi siðbótinni, ákváðu að mótmæla til ríkisþingsins. Þeir skrifuðu meðal annars: „*Vér hvorki samþykkjum né aðhyllumst á neinn hátt hina framlögðu tilskipun, í neinu því, sem er í andstöðu við Guð,*



Hans heilaga orð, samvisku vora eða sáluhjálp vora. Vér erum staðráðnir með hjálp Guðs að stuðla að hreinni og ómengaðri predikun orðs Hans, eins og það birtist í Gamla- og Nýja Testamentis ritum Biblíunnar án þess að bæta nokkru þar við sem gæti verið í mótsögn.“ (D'Aubigné, 13. Bók, 6. Kafli).

Með hvaða valdi?

Marteinn Lúter og aðrir siðbótarmenn voru þeirrar skoðunar að hinn kristni ætti að fylgja Biblíunni einni, þegar kom að kenningum og trú. Kaþólska kirkjan sagði aftur á móti að menn ættu að fylgja Biblíunni en einnig hefðum kirkjunnar. Skilin voru skörp hvað þetta atriði varðaði.

Kaþólska kirkjan sagði að Lúter og siðbótarmennirnir ættu að fylgja ályktunum ríkis og kirkju. Siðbótarmenn sögðust aðeins gera það ef ályktanirnar væru ekki í mótsögn við Guðs orð. Þeir trúðu á samviskufrelsi þegar kom að kenningum og trú. Rómarkirkjan taldi hinsvegar að þegar meirihluti kirkjubings hafði samþykkt eitthvað ættu allir að fylgja þeirri ákvörðun. Afleiðingin varð sú að hver og einn varð að taka afstöðu; annaðhvort með Guðs orði einu eða hefðum kirkjunnar ásamt Biblíunni.

Ofsóknir

Þar sem siðbótarmennirnir vildu ekki beygja sig undir Róm, hófust nú ofsóknir kirkjunnar gegn þeim. Þeir höfðu farið gegn kirkjuvaldinu og nú skyldu þeir fá að gjalda fyrir. Gamlar sögubækur, sem eru sjaldgæfar nú til dags, segja frá hræðilegum ofsóknum. Margir af siðbótarmönnum voru fangelsaðir, sumir ofsóttir í fjöllum Alpanna, öðrum kastað fyrir villidýr sem rifu þá í sig, enn aðrir pyntaðir af rannsóknarréttinum og margir féllu fyrir sverðinu. Frásagnir af hinum hræðilegu ofsóknum og refsingum kirkjunnar fylltu men hryllingi bæði fyrir og eftir tíma Lúters. Siðbótarmönnum var hótáð og þeir bannfærðir af páfanum, sem þýddi að hver sem var mátti drepa þá. Margir voru brenndir á báli, m.a. Hieronymus, Jóhann Húss, Louis de Berquin, William Tyndale og margir fleiri. Lík John's Wycliffe var grafið upp, beinin brennd og öskunni dreift í nærliggjandi á. Á Englandi einu voru 289 mótmælendur brenndir á báli á meðan hin kaþólska drottning Mary I, réð ríkjum, á

árunum 1555-1558. Þetta er athyglisvert að skoða í ljósi orða Jesú. „**Allt það sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafði þér gjört mér.**“ (Matt. 25.40). Það er margt sem kaþólska kirkjan og prestar hennar munu þurfa að svara til saka fyrir. Sem betur fer er það í höndum Guðs. Hann sér alla hluti og mun dæma réttvíslega. Það er vert að hugleiða það í ljósi þessa vers: „**Því Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt.**“ (Pred. 12. 14.).

Það er ljóst að ef maður iðrast fæst fyrirgefning fyrir allar syndir, þ.e. játar syndir sínar og biðst fyrirgefningar, en við höfum aldrei lesið eða heyrt um að kaþólska kirkjan hafi iðrast og játað hinar hræðilegu ofsóknir, pyntingar og dráp á þeim, sem á tímum Lúters og síðar, voru annarar trúar.

Ímyndið ykkur. Kaþólska kirkjan fyrirskipaði að fólk skyldi brennt einungis fyrir að vera annarar trúar. Hugsíð ykkur þær hroðalegu pyntingar sem fólk þurfti að þola frá rannsóknarréttinum, aðeins vegna trúar sinnar. Eða þá sem voru myrtir með sverði, aðeins vegna trúar sinnar. Og þá sem voru dæmdir í útlegð frá mannlegu samfélagi, bara vegna trúar sinnar. Listinn gæti haldið áfram. Á sama tíma álitum við þessa stofnun kristna. Hefur slíkt framferði eitthvað með Krist að gera? Nei, það er aðeins djöfullinn og Satan sem er á bak við slík hroðaverk. Þessar ofsóknir áttu sér ekki stað á einum degi, mánuði eða ári heldur á nokkur hundruð ára tímabili. Það er líka eftirtektarvert að fyrrverandi páfi, Benedikt XVI. var yfirmaður

rannsóknarréttarins fram til ársins 2005. Í dag hefur rannsóknarrétturinn hlotið nýtt heiti ; „Congregation for the doctrine of the faith“ (Samtök hinnar trúarlegu kenningar). Núverandi leiðtogi stofnunarinnar er Gerhard Ludwig Muller, erkibiskup.

Siðbótarmennirnir fórnðu öllu fyrir málstað Guðs. Jafnvel á bálinu vitnuðu þeir um Jesú. Hvað með okkur? Erum við meðvituð um hvað Jesús hefur gert fyrir okkur? Vitum við af þeim mikla kærleik og náð sem okkur stendur til boða? Fórnunum við öllu fyrir Guð?

Elskið óvini yðar

Ef við berum Jesús saman við páfavaldið, sem hefur ofsótt fólk annarrar trúar, þá segir Hann: „*En ég segi yður: **Elskið óvini yðar og biðið fyrir þeim sem ofsækja yður, gerið þeim gott sem hata yður, og biðið fyrir þeim sem þrælka yður og ofsækja***“ . (Matt. 5.44)

Þvílíkur reginmunur á þeim anda sem leiðir páfadómi! Guð skapaði okkur með frjálsan vilja svo við gætum tekið okkar eigin ákvarðanir í trúarlegum málum. Við ættum ekki að þvinga neinn til sömu trúar og við sjálf. Allir ættu að hafa rétt til að tilbiðja Guð á þann hátt sem samviskan býður þeim. Það er rangt að nota pyntingar, fangelsun eða jafnvel sverð (dauðarefsingu) til að þvinga fólk til hlýðni. Það er reginmunur á því að drepa óvini sína eða elska þá. Börn Guðs munu elska óvini sína. Jesús, skapari okkar og lífgjafi elskar alla (Jóh. 1.3; Kól. 1.17).“ ***Komið til mín allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég***

mun veita yður hvíld.“ (Matt. 11.28). Hann segir einnig: „ ***Allt sem Faðirinn gefur mér, mun koma til mín, og þann sem kemur til mín mun ég alls eigi brott reka.***“ (Jóh. 6.37). Jesús vill að allir öðlist skilning á sannleikanum og frelsist.



Er páfinn fulltrúi Krists?

Páfinn telur sig vera staðgengill Krists hér á jörðu en allir ættu að sjá að páfarnir endurspeгла ekki Krist. Páfarnir hafa



viljað láta bera mikið á sér en Kristur sagði: „*Refar eiga greni og fuglar himins hreiður, en Mannssonurin á hvergi höfði sínu að halla.*“ (Matt. 8.20). Jesús klæddist einfaldri skikkju á meðan páfarnir klæðast íburðamiklum fatnaði. Páfarnir búa í glæsibyggingum og eyða milljónum í ferðalög og eru umkringdir lífvörðum. Það sést greinilega að páfinn hefur annað hugarfar en Jesús. Sá titill sem kaþólska kirkjan hefur gefið páfanum passar því alls ekki við hann. Hann er einungis að hæðast að Kristi og því réttláta og látlausu lífi sem hann lifði.

Kaþólska kirkjan á miklar veraldlegar eignir. Jesús sagði við ríka manninn : „*Eins er þér vant. Far þú, sel allt sem þú átt og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himni. Kom síðan og fylg mér.*“ (Mark 10.21).

Þar sem kirkjan á svona miklar eignir ætti páfinn að fylgja þessu boði, ef hann segist vera auðmjúkur fulltrúi Krists.

Marteinn Lúter þekkti innviði kirkjunnar vel og sagði eftirfarandi: „*Það er hræðilegt að horfa upp á mann, sem segist vera staðgengill Krists, berast meira á en nokkur keisari. Er þetta eitthvað í líkingu við hinn fátæka Jesús eða hinn fátæka Pétur? Þeir segja að hann sé konungur heimsins. En Kristur, hvers staðgengill hann segist vera, sagði: „Ríki mitt er ekki af þessum heimi“. Getur ríki fulltrúans verið víðfeðmara en þess sem hann er fulltrúi fyrir.*“ (D'Aubigne, 6. bók, 3.kaffi.)

Heimsveldi

Margir telja að kaþólska kirkjan hafi breyst frá því hún framdi hina hræðilegu glæpi á tímum siðbótarinnar – en hún hefur ekki breyst. Hún byggir ennþá á sömu kreddum og kennisetningum og hún hefur alltaf gert. Eina breytingin er að hún hefur íklæðst kristilegum flíkum til að verða tekin í sátt. Og þar sem hún hefur nú fengið viðurkenningu og völd aftur, ekki aðeins innan ESB heldur um allan heim, munum við brátt sjá hvað páfadómur stendur fyrir. Alveg eins og kirkjan notaði ríkisvaldið á tímum siðbótarinnar, mun hún einnig á okkar tímum nota ríkisvald ásamt alþjóðalögum til að endurheimta vald sitt.

Páll páfi VI, ritaði í grein sem bar yfirskriftina: *Í átt til virks alheimsvalds. „Þetta alþjóðasamstarf á alheimsvísu þarfnast stofnunar sem mun undirbúa, samhæfa og stjórna því, þar til að lokum verður komið á réttarkerfi sem verður viðurkennt á heimsvísu. Hver sér því ekki þörfina fyrir að setja smám saman á fót alheimsráð sem væri virkt í hinum*

réttarfarslega-og pólitíska geira.“ – Páll páfi VI , Popolorum Progressio 1967,78.

Þá vaknar þessi spurning: Með hvaða stofnunum starfar kaþólska kirkjan til að koma á fót þessari nýju alheimsskipan? Ég held við getum öll séð að það er í gegnum UN (Sameinuðu þjóðirnar), ESB, Nato, Afríska þjóðarráðið, AGS o.fl.

Benedikt XVI, fyrrverandi páfi, sendi út ákall í síðasta umburðarbréfi sínu, þar sem sagði: „*Það er brýn þörf fyrir óbrigðult stjórn málalegt alheimsvald til að stýra efnahag heimsins, sem hefur Guðmiðaða siðfræði að leiðarljósi... til að binda endi á rikjandi fjármálakreppu.*“ -Cathy Lynn Grossman, USA Today, 7/7/2009.

Við megum ekki gleyma því að kaþólska kirkjan sækist eftir að verða alheimsleg stofnun. Hún sækist eftir veraldlegu valdi. Það voru kaþólikkar sem stofnuðu ESB og það er Vatíkanið sem er á bak við hugmyndina að Hinni nýju heimsskipan (New World Order). Í Hinni nýju heimsskipan munu alþjóðalög gilda og þannig mun verða til alheimsstjórnun.

Malachi Martin, jesúítaprófessor og innanbúðarmaður hjá Vatikaninu, sagði frá þessu í metsölubók sinni: *The Keys of this Blood*: „*Hvort sem þið viljið, eruð tilbúin eða ekki, þá erum við öll þátttakendur í einni allsherjar þríhlíða alheimssamkeppni. Flest okkar eru ekki keppendur. Við erum peðin. ...Þetta snýst um það hver muni setja á fót fyrsta alheimsstjórnkerfið frá upphafi. Þetta snýst um það hver muni fara með hið tvíþætta vald þ.e.a.s. ríkisvaldið annarsvegar og vald yfir einstaklingum og samfélaginu hinsvegar... á þriðja*

árþúsundinu... þar sem þetta er komið af stað er engin leið að hætta við... okkar daglega líf sem einstaklingar og borgarar... jafnvel þjóðareinkenni okkar... mun verða fyrir róttækri og varanlegri breytingu. Enginn mun verða undanskilinn þessum áhrifum. Allir þættir lífs okkar munu breytast.“

Malachi Martin, *Keys of this Blood: Pope John Paul II Versus Russia and the West for Control of the New World Order* (1991), p.12-16.

Martin segir að páfinn muni standa uppi sem sigurvegari í þeirri báráttu. Malachi Martin staðfestir á bls.341 í bók sinni að þessi alheimsríkisstjórn muni verða



stjórnað af alþjóðlegu kerfi sem muni hafa vald yfir hverri þjóð og hverjum þegn.

Lítum nú á nokkrar staðhæfingar frá kaþólsku kirkjunni varðandi það hvernig hún skilgreinir sig.

Hin rómversk-kaþólska kirkja er einvaldsríki sem er ofar öllum rikjum heimsins, vald yfir huga og líkama, eða eins og Guð í mannheiminum. Kirkjan þarf því ekki einungis að hafa

andleg yfirráð heldur einnig veraldleg. (Hirðisbréf Leo XIII páfa, 1879). Gregory páfi ítrekaði þetta þegar hann sagði: „**Vald kirkjunnar er ofar valdi ríkisins.**“ Dr.G.F.van Schulte, prófessor í kanónískum lögum segir: „**Allt mannlegt vald er frá hinu illa og þarf því að heyra undir páfann.**“ (T. W. Callaway: *Romanism vs. Americanism*, p.120).

Þessar tilvitnanir sýna að þessi pólitíska kirkja hyggst ná völdum í gegnum ríkisstjórnir og -stofnanir. Kapólska kirkjan vinnur eftir stefnu sem á Latínu kallast „de juro divino“ sem þýðir að kirkjan hefur heilagan rétt til að fara með fullt vald í þessum heimi, bæði yfir mönnum og ríkjum. Hún segist hafa fengið þetta vald frá Guði sjálfum og muni leita allra ráða til að ná þessu markmiði, þ.e. alheims yfirráðum.

Dr. Brorson, háttsettur kapólikki, ritaði eitt sinn: „**Páfinn hefur vald til að setja af konunga, ef nauðsyn krefst til þess að viðhalda andlegu siðferði... þegar kirkjan fór með vald yfir ríkjum á miðöldum var það ekki með valdaráni eða tilslökun prinsu eða samþykki almúgans, heldur var það og er guddómlegur réttur kirkjunnar, og hver sem setur sig upp á móti þeim rétti, berst**

gegn konungi konunganna og drottni drottanna.“ (*Catholic Review*, June 1851).

Þó þetta sé ritað fyrir löngu segir Rómarkirkjan að hún breytist ekki. Dr. Brorson staðfesti það. „**Það sem kirkjan hefur gert, látið í ljós eða viðurkennt (látið viðgangast) í fortíðinni, það er nákvæmlega það sem hún mun gera, láta í ljós eða viðurkenna í framtíðinni, ef sömu aðstæður koma upp.**“ (*Catholic Review*, January 1854).

Á þessum lokatímum munum við sjá að öll uppreisn gegn þessu valdi, sem og skortur á viðurkenningu á valdi kirkjunnar mun verða mætt með refsingum frá kirkjunni og af hálfu ESB.

Á árunum 1962-1965 fóru fram kirkjuráðsfundir Vatíkansins (Vatican II). Fyrir þann tíma voru meðlimir annarra trúarbragða kallaðir trúvillingar. En eftir þessar ráðstefnur var litið á þá sem frávillda bræður. Kapólska kirkjan segist ein hafa sannleikann og að ekkert hjálpræði sé utan kirkjunnar.

Samkirkjuhreyfingin

Nú á dögum er kapólska kirkjan að reyna að sameina allar kirkjudeildir í gegnum samkirkjuhreyfinguna.



Þeir hafa beðið jesúítana í Róm að koma á viðræðum milli kirknanna í þá átt að sameina þær undir kaþólsku kirkjunna. Við sjáum að það hefur orðið breyting. Kaþólska kirkjan hefur ekki breytt kenningum sínum heldur hafa mótmælendur fært sig nær Róm.

Charta Oecumenica nefnist plaggið sem þeir nota helst í þessum viðræðum og þar kemur skýrt fram að þeir vilja starfa saman og vinna að boðun saman. Þeir vilja sameinast um þau mál sem hægt er en önnur mál eru sett til hliðar. Jesús Kristur vill að við séum sameinuð á öllum sviðum. Hann vill ekki einingu byggða á lýðræði eða meirihlutaatkvæðum, heldur einingu í Kristi. Einingu í trú Jesú – á öllu sviðum. Ef við getum ekki verið samhuga kirkjuráðum, þurfum við að kjósa að fylgja Kristi.

Þeir sem eru í boðunarstarfi, óháð kirkjudeildum eru illa séðir og litð er á þá sem frávillinga eða svikara – og það þarf að taka á svikumum. Lúter, Melanchton, Tyndale, Calvin, Wycliffe, Hieronymus, Wesley, Húss, Zwingli, Berquin, Valdensarnir og fleiri, voru álitnir svikarar. Þessir „svikarar“ völdu Biblíuna sem grundvöll trúar sinnar. Eins og við höfum séð þá var kaþólska kirkjan á miðöldum ákveðin í að stöðva og losna við þessa svikara. Siðbótamenn nútímans, „svikararnir“, eru á móti samkirkjuhreyfingunni. Samkirkjuhreyfingin vill að hefðir skipi sama sess og Ritningin en siðbótamenn nútímans feta í fótspor Lúters og kjósa Biblíuna sem grundvöll trúar sinnar og kenninga.

Ritningin sýnir ljóslega að þetta vald

muni hljóta banasár en að sárið muni gróa. Páfadómur hlaut þetta banasár árið 1798 þegar Píus páfi var handtekinn af Berthier, hershöfðingja Napóleons, og dó páfinn síðar í fangelsi í Frakklandi. Árið 1929 fékk páfadómur ríki sitt aftur í gegnum Mussolini og hefur æ síðan verið að efla völd sín og áhrif. Jóhannes Páll páfi II ferðaðist víða um heim og kom á tengslum við hvert ríkið á fætur öðru. Benedikt XVI páfi hélt starfinu áfram, og nú heldur hinn nýji jesúítapáfi, Francis, verkinu áfram og leiðir öll trúarbrögð undir merki páfadóms í



gegnum samkirkjuhreyfinguna, til að sameina þá sem hafa afvegaleiðst. Til að ná þessu fram koma þeir með pólitískar-, efnahagslegar-, trúarlegar og alþjóðlegar lagasetningar. Alþjóðalögin eiga síðan að vera æðri lögum hvers lands og þannig

geta þeir haft áhrif á einstaklinga og ríki. Þar með afsala þau sér sjálfstæði sínu. Þessi þróun hefur þegar átt sér stað bæði á



hinu pólitíska, trúarlega og efnahagslega sviði. Þetta er stigvaxandi ferli sem tekur mörg ár – þróun sem gerist hægt og hljóðlega. Fljótlega verður litið á þá sem ekki vilja hlíta alþjóðalögum, hvort sem það eru lands- eða kirkjulög, sem ólöghlýðna borgara. Þeir munu kalla yfir sig refsingar. Enn og aftur mun misnotkun valds af hálfu páfadóms eiga sér stað, en hið ótrúlega er að nú munu þeir sem áður sökuðu kirkjuna um valdniðslu, gerast bandamenn hennar (Opb. 13.11-17). Biblían opinberar þetta og við trúum á Orð Guðs.

Róm breytist aldrei


Kemur það þér á óvart að mótmælendur skuli vera að teygja sig yfir til Rómar og séu að starfa með Róm? Það er nokkuð ljóst að mótmælendur hafa gleymt hvernig Róm ofsótti „trúvillinga“ eins og á tímum Lúters. Eins og við höfum séð voru margir fangelsaðir, ofsóttir og pyntaðir vegna trúar sinnar. Ef við því þekkjum ekki söguna eða Biblíuna

munum við ekki vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Róm breytist ekki og sagan endurtekur sig. Kaþólska kirkjan hefur aðeins íklæðst kristilegri skikkju. Þetta kerfi er aðeins úlfur í sauðagæru. Það ríkja í raun tveir páfar, hvítur páfi og svartur páfi. Hvíti páfinn heillar fjöldann með íburði og ríkidæmi á meðan hinn páfinn, leiðtogi jesúítanna, vinnur á bak við tjöldin, í myrkrinu. Það eru jesúítarnir sem eru hinir óopinberu eða leynilegu hermenn Vatíkansins. Samkvæmt þeim eidi sem jesúítar fara með, ber þeim að skapa ófrið til að fella ríkisstjórnir og koma á stjórnskipulagi sem fellur að þeirra eigin stjórnarháttum. Þeir eru hvattir til að lauma sér inn í aðrar kirkjudeildir og vera lúterskir á meðal lúterskra, babtistar á meðal babtista, hvítasunnnumenn á meðal hvítasunnnumanna og adventistar á meðal adventista o.s.frv. Þeir geta komist í góðar stöður með rétttri menntun og þar með haft áhrif á söfnuði til að starfa með samkirkjuhreyfingunni. Þeir eru algerlega undirgefnir páfanum og ef þeir óska eða brýn þörf krefst þess, nota þeir sverðseggina eða hvaða vopn sem er til að ná fram markmiðum sínum. Ef þú lest jesúítaeiddinn, sem þeir þurfa að fara með í viðurvist páfa áður en þeir hefja starf sitt, muntu sjá að þetta er raunin. (sjá www.endtime.net. The Elite Tightens the Grip). Flestir mótmælendur loka augunum fyrir þessari snilldaráætlun Rómar til þess eins að koma á sameiningu í hinum trúarlega heimi.

Fagnaðardagur

Þar sem fagna á siðbótinni og halda upp á 500 ára afmæli Lúters, mætti ætla að endurvakinn yrði andi siðbótarinnar og fólk minnt á baráttu Lúters við kaþólsku

kirkjuna. En staðreyndin er sú að í dag er mótmælendatrú nánast dauð. Á þessari afmælishátíð mun líklega heyrast að á tímum Lúters hafi verið einstaklingar sem hafi verið óánægðir með kerfið á þeim tíma og að siðbótin hafi verið byggð á misskilningi, biturleika og lítilvægum ágreiningi. Nú séu aðrir tímar. Allt hafi breyst. Nú viljum við einingu en ekki sundrung. Við munum bæði sjá leiðtoga kaþólskra og mótmælenda reyna að ná sáttum, og á mörgum stöðum munu leiðtogar þessara tveggja hópa standa fyrir samkirkjuhátíðum til að minnast Lúters og þar mun jesúítapáfinn Francis væntanlega taka þátt. Biblían segir að „*þessir hafi allir eitt ráð*“ en Biblían opinberar einnig að þeir berjist gegn Kristi og fylgjendum hans. (Opb. 17.12-14).



Samkirkjuhreyfingin lokkar bæði kaþólikka og mótmælendur að sama borði. Við endurtökum: Eining er af hinu góða, en sú eining ætti að vera í Kristi en ekki byggð á meirihlutaviðhorfum eða lobbýisma. Jesús sagði: „...að allir séu þeir eitt, eins og þú faðir ert í mér og ég í þér, svo séu þeir einnig í okkur, til þess að heimurinn trúi að þú hefur sent mig.“ (Jóh.17.21).

Það á ekki að vera eining, einingarinnar vegna heldur eining í Kristi.

Ef Lúter væri á lífi og sæi hvernig þeir fögnuðu siðbótinni saman, myndi hann ávita bæði kaþólikka og mótmælendur. Það er fráfallinn mótmælendakirkja sem er að stíga í vænginn við Róm.

Við sjáum hvernig Ritningin rætist, t.d. „*Öll jörðin fylgdi dýrinu (páfadómi) ...kaupmenn þínir voru höfðingjar jarðarinnar, af því að allar þjóðir leiddust í villu af töfrum þínum (páfadómi)*“ (Opb.13.3; 18.23). Páfadómur notar svo magnaða töfra að meirihluti fólks hefur ekki hugmynd um hvað er að gerast. En þegar páfadómur hefur náð öllum til fylgis við stefnumál sín og lagasetningar munu hann ofsækja þá sem eru honum andsnúnir og hafa flett ofan af villukenningum kirkjunnar – alveg eins og þeir ofsóttu Lúter, Hieronymus, Wycliffe, Húss, Berquin, Zwingli o.fl.

Hefur kaþólska kirkjan breyst?

Nú, 500 árum eftir siðbót Lúters, spyrjum við: Hefur kaþólska kirkjan breyst? Nei! Kaþólska kirkjan kennir áfram sínar villukenningar og hefðir.



Lítum á nokkrar þeirra:

1. Kapólska kirkjan telur að páfinn sé staðgengill Kristis hér á jörð (staðgengill = sá sem kemur í stað). Biblían segir aftur á móti að Jesús hafi sent Heilagan Anda í sinn stað.(Jóh. 14.16-17). Þeir trúa að Pétur hafi verið fyrsti páfinn, en hinn breyski Pétur getur ekki hafa verið staðgengill Kristis, því Jesús sagði : „... **og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína.**“ (Matt. 16.15-18). Gríska orðið yfir „klett“ er „petra“. Orðið „petra“ þýðir klettur. Upprunalega gríska orðið yfir Pétur er Petros sem þýðir steinn eða steinvala. Kirkjan á að grundvallast á Kristi en ekki ófullkominni mannværu, eins og páfarnir hafa verið ófullkomnir í gegnum aldirnar. Páll ritaði þetta varðandi eyðimerkurgöngu Ísraelsmanna: „... **allir drukku hinn sama andlega drykk. Þeir drukku af hinum andlega kletti sem fylgdi þeim. Kletturinn var Kristur.**“ (1.Kor.10.4). Jesús er **Kletturinn**, ekki Pétur.

2. Kapólska kirkjan kennir að við hina heilögu messuförn, þegar presturinn brýtur brauðið og viðhefur dularfull orð, þá breytist brauðið raunverulega í hold Jesú. Á þennan hátt fórnfæra þeir líkama Jesú í hvert skipti sem þeir brjóta brauðið (við hina heilögu messuförn). Þeir trúa að presturinn geti skapað Skaparann og neytt Hans síðan. Þegar Jesús innleiddi kvöldmáltíðina sem minningarathöfn þá blessaði Hann brauðið og sagði: „ **Takið og etið, þetta er líkami minn sem er brotinn fyrir yður. Gjörið þetta í mína minningu.**“ (1.Kor 11.24). Þegar við etum brauðið, er það til að minna okkur á förn Kristis á Golgata og að líkama Hans var brotinn og blóði Hans úthellt okkur til handa. Og það sem meira er, þá segir Biblían okkur að Jesús hafi verið fórnfært í eitt skipti fyrir öll. (Heb.7.27; 9.28). Það er lítilsvirðing við Jesú og förn Hans að bjóða Hann fram sem förn í hvert skipti sem brauðið er brotið og vénið drukkið, eins og gerist við hina heilögu messuförn. Þetta sýnir aðeins að þeir viðurkenna ekki förn Jesú sem nægilega förn til frelsunar.



3. Kaþólska kirkjan hefur numið brott annað boðorðið úr fræðslukveri sínu. Annað boðorðið varar okkur við líkneskjadyrkun. (2.Mós. 20.4-6). Líkneski af Maríu mey eru tilbeðin í kaþólskum kirkjum, og tilbiðjendur trúa því að það sé María mey sem birtist í Fatímu, sem og öðrum stöðum víða um heim. María dó hins vegar fyrir um 2000 árum þannig að það hlýtur að vera annar andi sem er að birtast sem María mey.

4. Kaþólska kirkjan trúir að María mey hafi verið tekin upp til himna og að bænir okkar þurfi að fara fyrst í gegnum hana til að ná til Jesú og Föðurins. Þetta er eitthvað sem kaþólikkar sjálfir hafa búið til þar sem María hefur verið dáiin í um 2000 ár. Hún liggur í gröfnni eins og allir þeir sem dánir eru og bíður upprisumorgunsins. (1.Þess. 4.15-17).

Ritningin segir ljóslega að „**þrír eru þeir sem vitna í himninum : Faðirinn, orðið og heilagur andi, og þessir þrír eru eitt.**“ (1.Jóh. 5.7). Kaþólska kirkjan hefur í *Textus Vaticanus* tekið þennan texta út úr upprunalega textanum því þeir vilja að það séu fjórar sérstakar, heilagar verur á himnum þar sem María er þá hin fjórða og sú sem þeir tilbiðja. Jesús sagði : „**Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins nema fyrir mig.**“ (Jóh.14.6). Jesús er eini meðalgangarinn milli okkar og Föðurins. Bænir okkar koma til Föðurins í gegnum Jesú. „**Einn er Guð. Einn er meðalgangarinn milli Guðs og manna, maðurinn Kristur Jesús.**“ (1.Tím. 2.5).

5. Kaþólska kirkjan segir að prestar hennar og páfinn geti fyrirgefið syndir. Þá vaknar sú spurning: Eigum við að fara til



FOTO: Fondazione Cariplo

prestsins, til Maríu eða til Jesú til að fá fyrirgefningu synda okkar? Biblían segir að: „**Syndin er lögmálsbrot.**“ (1.Jóh. 3.4). „**Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýró.**“ (Róm.3.23). „**Laun syndarinnar er dauði.**“ (Róm.6.23). Afleiðingin er sú að við erum frá upphafi dæmd til að deyja. Jesús er sá ein sem getur bjargað okkur frá synd. Hann skapaði okkur, gaf líf sitt fyrir okkur og Hann getur frelsað okkur frá fordæmingu syndarinnar. Aðeins Hann hefur lifað fullkomnu lífi án syndar hér á jörð. Við lesum: „**EKKI höfum vér þann æðsta prest er eigi geti séð aumur á veikleika vorum, heldur þann sem freistað var á allan hátt eins og vor, en án syndar.**“ (Heb.4.15). Þar af leiðir: „**Ef sonurinn gjörir yður frjálsa, munuð þér sannarlega verða frjálsir.**“ (Jóh.8.36).

Það er aðeins Jesús sem getur fyrirgefið okkur syndir okkar ef við játum

og iðrumst og biðjumst fyrirgefningar.

Eigum við að fara til prestsins, páfans eða Jesú? Við höfum nú þegar séð að það er aðeins einn meðalgangari milli Guð föðurins og okkar manna þ.e. Jesús Kristur. Gleymum því ekki að við verðum að játa misgjördir okkar fyrir þeim sem við höfum syndgað gegn. Við lesum: **„Hafið gát á sjálfum yður. Ef bróðir þinn syndgar gegn þér, þá ávíta hann, og ef hann iðrast þá fyrirgef honum.“** (Lúk.17.3).

Við eigum að játa syndir okkar fyrir þeim sem við höfum gert á hlut og



leyfa viðkomandi að fyrirgefa okkur. Prestur eða páfi hefur ekkert með þetta að gera. Því að endingu er það Jesús sem fyrirgefur okkur. Við lesum í bæn Drottins: **„Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum.“**(Matt.6.12).

Jóhannes orðar þetta svo: **„Börnin mín. Þetta skrifa ég yður svo að þér skuluð ekki syndga. En ef einhver syndgar, þá höfum vér árnaðarmann hjá föðurnum,**

Jesús Krist, hinn réttláta.“(1. Jóh. 2.1-2.)

Hinn syndugi maður getur aðeins öðlast fyrirgefningu í gegnum Jesú Krist og þar með þegnréttinn að ríki Guðs. Jesús er okkar eini frelsari, meðalgöngumaður og talsmaður frammi fyrir föðurnum. Þegar við iðrumst synda okkar og biðjumst fyrirgefningar þá er eftirfarandi loforð gefið okkur:

„Ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti.“ (1. Jóh 1.9).

Þegar páfinn og hinir kaþólsku prestar segjast geta fyrirgefið syndir eru þeir að setja sig í háseti Guðs. Biblían sagði fyrir um þetta fráfall: **„Látið engan villa yður á nokkurn hátt. Því að ekki kemur dagurinn nema fráhrarfið komi fyrst og maður syndarinnar birtist. Hann er sonur glötunarinnar sem setur sig á móti Guði og rís gegn öllu því sem kallast Guð eða helgur dómur. Hann sest í musteri Guðs og gjörir sjálfan sig að Guði.“** (2. Þess. 2.3-4).

Sá sem er kallaður maður syndarinnar, glötunarsonurinn og lögleysinginn, er sá sem tekur stöðu Krists. Hann situr í musteri Guðs eins og hann sé Guð. Þetta getur ekki átt við neinn annan en páfann. Hann er lögleysinginn sem hefur breytt hinum tíu boðorðum Guðs. Hann setur sig í stöðu Krists sem meðalgangari og segist geta fyrirgefið syndir. Af hverju ættu mótmælendur að starfa með manni syndarinnar, glötunarsyninum, lögleysingjanum?

6. Kaþólska kirkjan trúir á ódauðleika sálarinnar. Hún kennir að þegar

manneskja deyr, þá lifir hún áfram sem sál eða andi. En hvað segir Biblían um þetta efni? Við lesum: „**Þá myndaði Drottinn Guð manninn af leiri jarðar og blés lífsanda í nasir hans, og þannig varð maðurinn lifandi sál.**“ (1.Mós.2.7). Það stendur ritað að maðurinn varð sál, ekki að hann hafi fengið sál. Það stendur einnig ritað hvað það er sem raunverulega deyr: „**Sú sál sem syndgar, skal deyja.**“ (Esekíel 18.20).

Þessi kenning um ódauðleika sálarinnar á uppruna sinn hjá fyrstu lygi Satans í Edensgarðinum. Guð hafði varað Adam og Evu við því að eta af vissu tré í garðinum. Ef þau gerðu það myndu þau deyja. En Satan sagði við Evu: „**Vissulega munuð þið ekki deyja.**“ (1. Mós 3.4).

Mörg trúarbrögð heimsins byggja kenningar sínar um ódauðleika sálarinnar á þessari lygi Satans. En hvað segir Ritningin? Spekingurinn Salómon sagði: „**Því að þeir sem lifa víta að þeir eiga að deyja, en hinir dauðu víta ekki neitt og hljóta engin laun frammar, því minning þeirra gleymist. Bæði elska þeirra, öfund og hatur, það er fyrir löngu farið og þeir eiga aldrei frammar hlutdeild í neinu því sem við ber undir sólinni... Allt sem hönd þín megnar að gjöra með kröftum þínum, gjör þú það því að**

í dánarheimum, þangað sem þú fer, er hvorki starfsemi né hyggindi né þekking né viska.“ (Pred. 9.5-6,10).

Lítum á fleiri vers : „**Undrist þetta ekki. Sú stund kemur þegar allir þeir sem í gröfunum eru munu heyra raust Hans, og ganga fram, þeir sem gjört hafa hið góða munu rísa upp til lífsins, en þeir sem drýgt hafa hið illa, til dómsins.**“ (Jóh. 5.28-29).

Páll kemst að sömu niðurstöðu þegar hann ritar um endurkomu Kristis: „**Því að það segjum vér yður og það er orð Drottins, að vér sem verðum eftir á lífi við komu**



Drottins munum alls ekki fyrri verða en hinir sofnuðu. Því að sjálfur Drottinn mun stíga niður af himni með kalli, með höfuðengilsraust og með básúnu Guðs, og þeir sem dánir eru í trú á Krist munu fyrst upp rísa. Síðan munum vér sem eftir lifum verða ásamt þeim hrifnir burt í skýjum til fundar við Drottinn í loftinu. Og síðan munum vér vera með Drottni alla tíma.“ (1. Þess. 4.15-17).

Við sjáum því að hinir dauðu hvíla í gröfum sínum og bíða eftir kalli Jesú.



Kemur þetta þér á óvart? Við lásum að hinir dauðu vita ekki neitt. Þeir liggja í gröfunum fram að upprisumorgninum. Hinir réttlátu rísa upp í upprisu lífsins en hinir óguðlegu í upprisu dómsins eða dauðans.

Þegar Lasarus, vinur Jesú, dó, kom Jesú þar að. Lasarus hafði verið látinn í fjóra



daga og var komin nálykt af líkinu. Jesús sagði að Lasarus væri dáinn og líkti dauða hans við svefn. Jesús sagði við hann: „*Lasarus, kom út.*“ (Jóh. 11.43). Og Lasarus kom svo sannarlega út úr gröfnni.

Margir prestar kenna að þegar manneskja deyr, fari hún annaðhvort til himna eða heljar. Ef hinir réttlátu fara beint til himna við dauðann, þá hlýtur Lasarus, vinur Jesú, að hafa farið beint til himna. En hann kom ekki niður frá himnum eða úr skýjum himinsins, því Jesús reisti hann upp úr gröfnni. Biblían segir enn frekar: „*Og eins og það liggur eitt sinn fyrir mönnunum að deyja og eftir það að fá sinn dóm.*“ (Heb. 9.27).

Það mun eiga sér stað dómur á þeim tíma sem líður frá dauðastundinni og að endurkomu Krists, og það er Jesús sem mun ákveða hverjir munu öðlast eilíft

líf og hverjir eilífan dauða. (2. Kor. 5.10; Jóh. 5.26-29). Ritað er: „*Laun syndarinnar er dauði, en náðargjöf Guðs er eilíft líf í Kristi Jesú, Drottni vorum.*“ (Róm. 6.23).

Í þessari sögu sjáum við að Jesús mun reisa Lasarus upp á efsta degi. María sagði: „*Ég veit hann ris upp í upprisunni á efst degi.*“ (Jóh. 11.24). Efsti dagur er endurkoma Krists.

Biblían segir okkur að Jesús einn hafi ódauðleika. Ritað er: „*...sem hinn blessaði og eini alvaldur, mun á sínum tíma birtast láta, konungur konunganna og Drottinn drottanna. Hann einn hefur ódauðleika.*“ (1.Tím.6.15-16). Aðeins Guð er ódauðlegur. Mennirnir eru dauðlegir, en þegar Jesús kemur aftur mun Hann íklæða þá ódauðleika.

Páll lýsir þessu svo: „*Sjá, ég segi yður leyndardóm: Vér munum ekki allir sofna, en allir munum vér umbreytast í einni svipan, á einu augabragði við hinn síðasta lúður. Því lúðurinn mun gjalla og þá munu hinir dauðu upp rísa óförgengilegir, og vér munum umbreytast. Þetta förgengilega á að íklæðast óförgengileikanum og þetta dauðlega að íklæðast ódauðleikanum. En þegar hið förgengilega íklæðist óförgengileikanum og hið dauðlega ódauðleikanum þá mun rætast orð það sem ritað er: *Dauðinn er uppsvelgdur í sigur.*“ (1. Kor. 15.51-54).*

Margir trúá því að andinn eða sálin losni frá líkamanum við dauðann og fljóti um og geti haft áhrif á fólk og flutt því boðskap. Hér er útdráttur úr spíritistablaði: „*Hvað er spíritismi? Spíritismi er sú trú að andinn lifir eftir dauðann og geti haft*

samband við hina lifandi gegnum miðla.“ (Tekið úr *Spiritisten*, 1900, bls 84).

Næstum helmingur jarðarbúa trúir á endurholdgun – kenninguna um það að sálin deyji ekki, heldur endurholdgist kynslóð eftir kynslóð. Slíkar kenningar eru ekki í samhljóman við kenningar Biblíunnar. Biblían segir að eftir dauðann verði maðurinn aftur að mold, (Sálm. 104.29) hinir dauðu víti ekki neitt (Pre. 9.5), þeir hafi engin áform (Sálm. 146.4), hafi enga hlutdeild í því sem gerist undir sólinni (Pre. 9.5), hinir dauðu bíði í gröfunum (Job 17.13), og að hinir dauðu lifi ekki (Job 14. 1.2; 2.Kon. 20.1).

Við höfum séð á mörgum versum að Ritningin á enga samleið með kenningunum um ódauðleika sálarinnar, endurholdgun eða spíritisma almennt. Biblían kallar slíka hluti viðurstygð. Ritað er: „*Eigi skal nokkur finnast hjá þér, sá er láti son sinn eða dóttur ganga gegnum eldinn, eða sá er fari með galdur eða spár eða fjölkyngi, eða töframaður eða gjörningamaður eða særingamaður eða spásagnamaður eða sá er leiti fréttu af framliðnum. Því að hver sá er*

slíkt gjörir, er Drottni andstyggilegur og fyrir slíkar svívirðingar rekur Drottinn Guð þinn þá í burt undan þér.“ (5. Mós. 18.10-12).

Ritningin hafnar algjörlega öllum slíkum kenningum um ódauðleika sálarinnar, spíritisma, endurholdgun og mörgum hinna austrænu dulhyggjukenna.

7. Kaþólska kirkjan hræðir fólk með kenningunni um eilífar vítiskvalir. Þeir hafa reynt að sannfæra fólk um að þeir sem hafa verið ótrúir kaþólsku kirkjunni muni enda í víti. Þeir segja að til sé eilíft eldsdíki og að hinir óguðlegu fari þangað til að kveljast eilíflega í eldi og brennisteini.

Kirkjan seldi einnig aflátsbréf. Fólk gat borgað kirkjunni tiltekna summu til að fá tryggingu fyri vægari dómi og fara frekar í hreinsunareldinn.

Á tímum siðbótarinnar var hreinsunareldurinn talinn vera sá staður sem fólk fór á, vegna synda sinna, áður en það fékk inngöngu í paradís. Lúter taldi þessa kenningu með öllu óbiblíulega og sagði hana eingöngu til að afla kaþólsku kirkjunni fjár.



Kapólska kirkjan kennir að hreinsunareldurinn sé visst millistig eftir dauðann með tímabundinni refsingu. Þeir sem þar lenda komast ekki út af sjálfsdáðum en geta fengið hjálp frá öðrum. Þess vegna biðja margir fyrir hinum látnu og borga jafnvel kirkjunni í von um styttri veru fyrir þá sem eru í hreinsunareldinum.

Páfinn bauð einnig upp á syndafyrirgefningu gegn greiðslu. Útskýrum það nánar. Ef einstaklingur syndgaði, t.d. stundaði hórdóm eða braut eitt af boðorðunum, þá gat viðkomandi borgað til að sleppa við refsingu. Þetta var fyrirgefning syndanna í hnotskurn. Þeir sem voru ríkir höfðu efni á að drýgja margar syndir.

Einn þeirra sem seldi slík bréf var Tetzal, talsmaður kirkjunnar á tímum Lúters.

Hann sagði að hver sem keypti slíkt aflátsbréf hlyti algera syndaaflausn fyrir drýgðar syndir svo og þær sem drýgðar yrðu í framtíðinni. Ekki var nein nauðsyn á að iðrast syndanna. (D'Aubigne, vol.3. ch.1). Á þennan hátt öðlaðist fólk fullvissu um að aflátsbréfin veittu frelsun, ekki bara fyrir hina lifandi heldur einnig hina dánu. Fullyrt var að um leið og greiðslan væri innt af hendi, væri gjald sálarinnar greitt og hún færi beint úr hreinsunareldinum til himna.

Í gegnum tíðina hefur fólk greitt háar fjárhæðir til kirkjudeilda. Margir hafa einnig greitt háar fjárhæðir til kapólsku kirkjunnar til að hjálpa ástvinum sínum sem þeir töldu að væru í hreinsunareldinum. Kapólska kirkjan hefur því auðgast á fölskum forsendum. Hún hefur rakað saman gríðarlegum



auð í gegnum tíðina með þessum hræðsluáróðri. Með þessum blekkingum hefur henni verið gert kleift að byggja margar kirkjur. Hún ætti að skammast sín fyrir að hafa blekkt fólk á þennan hátt.

En hvað segir Biblían að gerist þegar fólk deyr? Ritað er: „**Laun syndarinnar er dauði.**“ (Róm. 6.23). Þegar sagt er að laun syndarinnar sé dauði, þá er engin kvöl eða pína. Biblían segir að hinir guðlausu muni verða dæmdir eftir verkum sínum. (Opb.20.13). Ef einhver hefur marga slæma hluti á samviskunnri þá mun refsingin verða lengri. Spámaðurinn Malakí staðfestir þetta: „**Því sjá, dagurinn kemur, brennandi sem ofn, og allir hrokafullir og allir þeir sem guðleysi fremja, munu þá vera sem hálmleggir og dagurinn sem kemur mun kveikja í þeim – segir Drottinn allsherjar – svo að hvorki verður eftir af þeim rót eða kvistur.**“ (Mal.4.1). Rót hins illa er djöfullinn eða Satan. Kvisturinn eða greinarnar eru hinir óguðlegu. Þeir munu allir brenna sem hálmleggir. Hálmleggur sem er blautur og langur er lengur að brenna en sá sem er þurr og stuttur. Þetta lýsir því hvernig hinum óguðlegu verður refsað. Þeim verður refsað samkvæmt verkum þeirra og að lokum munu þeir deyja. En hér er ekki verið að tala um refsinguna sem mun eiga sér stað í eldsdíkini. Ritað er: „**Því sjá, dagurinn kemur sem brennandi ofn.**“ Þetta mun gerast í framtíðinni, við endalok tímans.

Jóhannes staðfestir þetta þegar hann ritar um refsingu hinna óguðlegu í eldsdíkini: „**Og ef einhver fannst ekki skráður í lífsins bók, var honum kastað í eldsdikið.**“ (Opb. 20.15). Hann lýsir einnig eldsdíkini á þennan hátt:



„**Og dauðanum og helju var kastað í eldsdikið. Þetta er hinn annar dauði, eldsdikið.**“ (Opb. 20.14).

Jóhannes ritar áfram: „**En fyrir hugdeiga og vantrúaða og viðurstygðilega og manndrápara, frillulífsmenn og töframenn, skurðgoðadýrkendur og alla lygara er staður búinn í díkini, sem logar af eldi og brennisteini. Það er hinn annar dauði.**“ (Opb. 21.8).

Hvað kom fyrir hinar syndugu borgir Sódómu og Gomórru? Þær brunnu í óslökkvandi eldi sem þó slökknaði þegar allt var orðið að ösku. Biblían lýsir því svo: „**Eins og Sódóma og Gomórra og borgirnar umhverfis þær, sem drýgt höfðu saurlifnað á líkan hátt og þeir og stunduðu óleyfilegar lystisemdir, þær liggja fyrir sem dæmi, líðandi hegningu**



eilífs elds.“ (Júdas 7). Það stendur að borgirnar og íbúar þeirra hafi brunnið í eilífum eldi. Það var refsingin fyrir saurlifnað þeirra. Við vitum að þessar borgir eru ekki brennandi í dag. Eldurinn slökknaði um leið og allt var brunnið til ösku. Pétur postuli segir okkur að örlög Sódómu og Gomórru séu táknmyndir fyrir það sem muni gerast við endi daganna. Hann ritar: „**Hann brenndi borgirnar Sódómu og Gomórru til ösku og dæmdi þær til eyðingar og setti þær til viðvörunar þeim, er stóar lifðu óguðlega.**“ (2. Pét. 2.6).

Refsingin mun eiga sér stað í framtíðinni.

Við höfum einnig orð Jesú hvað þetta málefni varðar: „*Eins og illgresinu er safnað og brennt í eldi, þannig verður*

við endi veraldar. Mannssonurinn mun senda engla sína, og þeir munu safna úr ríki hans öllum sem hneykslunum valda og ranglæti fremja, og kasta þeim í eldsofninn. Þar verður grátur og gnístran tanna.“ (Matt. 13. 40-42).

Hér sjáum við aftur hvernig refsingin eða dómurinn mun eiga sér stað í framtíðinni – við endi daganna. Hinir óguðlegu líða ekki vítiskvalir á þessari stundu, eins og kaþólska kirkjan kennir. En því miður hefur þessi kaþólska kenning lætt sér inn meðal mótmælenda.

Hin síðasta refsing yfir Satan er lýst með þessum orðum: „*Með hinum mörgu misgjörðum þínum, með hinnu óráðvöndu kaupverslun þinni vanhælgaðir þú helgidóma þína. Þá lét ég eld brjótast út frá þér, hann eyddi þér, og ég gjörði þig að ösku á jörðinni í auglýsni allra er sáu þig. Allir þeir meðal þjóðanna er þekktu þig, voru agndofa yfir þér, þú fórst vofeiflega og ert eilíflega horfinn.*“ (Esekíel 28.18-19).

Það verða engar eilífar kvalir eins og kaþólska kirkjan kennir. Dómurinn yfir hinum óguðlegu mun enda með dauða og ösku. Eldurinn er óslökkvandi þar til eyðingin er yfirstaðin. Eldurinn er eilífur í þeim skilningi að hann er óslökkvandi þar til refsingin er yfirstaðin, og afleiðingarnar eru eilífar m.ö.o. endanlegar. Orðið „eilífur“ kemur frá gríska orðinu „aion“, sem þýðir **langur tími, lífstíð eða eilífð**. Þegar hinum óguðlegu verður þannig refsað í eldsdíkini um „aldri alda“ samkvæmt verkum þeirra, þá mun sú refsing enda í dauða. Guð hefur lofað að binda endi á starf djöfulsins og þegar hinir óguðlegu hafa fengið sinn dóm mun Guð skapa nýjan himinn og nýja jörð.

Pétur postuli ritar: „*En eftir fyrirheiti hans væntum vér nýs himins og nýrrar jarðar þar sem réttlæti býr með því að þér elskuðu, væntið slíkra hluta, þá kappkostið að vera flekklausir og lýtalausir frammi fyrir honum í friði.*“ (2. Pét 3.13-14). Jóhannes kemst að sömu niðurstöðu: „*Og ég sá nýjan himin og nýja jörð því hinn fyrri himinn og hin fyrri jörð voru horfin og hafið er ekki frammar til.*“ (Opb 21.1). Við viljum því spyrja þá sem vilja halda í þessa kenningu um eilífar kvalir: „**Hvar er helvíti eða eldsdikið þegar jörðin er öll einar brunarústir og hafið verður ekki lengur til?**“. Það er ekki á jörðinni því frumefni jarðarinnar munu verða eydd í eldi. Sérhver vottur af hinu illa er farinn. Leifar syndarinnar sjást hvergi. Þær myndu eyðileggja reynslu hinna réttlátu og það hefur Guð séð fyrir. Þess vegna mun allt hið illa brenna upp og verða eytt eilíflega. Þegar hið illa er farið mun Guð skapa nýjan himin og nýja jörð. Þar mun ríkja kærleikur og friður. Guð mun endurskapa allt eins og það var í Edensgarðinum fyrir syndafallið, þegar Guð talaði við manninn augliti til auglitis. Á nýju jörðinni verða engir þjófar, bakmálugir, morðingjar eða hermenn, tár eða kvöl. Biblían lýsir nýju jörðinni svo: „*Og hann mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki frammar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er frammar til. Hið fyrra er farið.*“ (Opb. 21.4).

Ef raunin væri sú að hinir óguðlegu lifðu í eilífum kvölum þá væri það ekki á jörðinni því hún er ekki lengur til og ekki væri það á himnum því það verða engin tár eða kvöl. Hinir réttlátu munu ríkja á nýju jörðinni. Mættu allir þeir sem lesa þessa grein meðtaka Jesú Krist og biðja

Heilagan Anda um kraft til að vera sönn vitni. Mættu þeir einnig verða hluti af hans fólki sem erfa munu jörðina.

Kenningin um eilífar kvalir er hræðileg erfikenning sem byggir á ótta. Kastið henni því í eldinn. Þessi kenning hefur ekkert með kærleika Jesú að gera. Jesús vill okkur aðeins það besta en hefur leyft Satan að fara sínu fram til að allir sjái að hann er djöfullinn. Guð þvingar engan. En öðru máli gegnir um djöfulinn. Þegar öll mál hafa verið til lykta leidd, mun Guð í kærleika sínum, eyða Satan og öllum þeim sem hafa staðið með honum í uppreisninni gegn Guði. Við lítum því fram til þess tíma þegar Guð mun dæma heiminn og skapa nýjan himin og nýja jörð þar sem réttlæti mun ríkja. Þar mun ríkja eilífur friður og gleði í kærleika Guðs.



8. Kapólska kirkjan viðhefur ungbarnaskírnir og fermingar. Ungbarnaskírnin á rætur sínar að rekja til kenningar Ágústínusar um syndina. Hann trúði að börn fæddust syndug. Ef barn var t.d. veikt og óttast var að það myndi deyja, þá var talið nauðsynlegt að fá prest til að væta höfuð barnsins. Þannig var talið að barnið kristnaðist og öðlaðist frelsun. Þetta viðgengst enn þann dag í dag.

En ungbarn hefur ekki gert neitt rangt. Það þekkir ekki muninn á réttu og röngu. Sá hæfileiki þróast síðar á lífsleiðinni. Ritað er: „*Syndin er lögmálsbrof*“ (1. Jóh.3.4) og „*Sú sálin sem syndgar skal deyja. Sonur skal ekki gjalda misgjörðar föður síns.*“ (Esekiel 18.20).

Þessi ritningargrein sýnir ljóslega að barn erfir ekki syndir foreldra sinna. Aðeins þegar einstaklingur er nógu gamall til að þekkja muninn á réttu og röngu er hann ábyrgur fyrir syndum sínum. Ungbarn hefur ekki „gamlar“ syndir sem þarf að losna við, því það er saklaust þar til síðar á lífsleiðinni. Ungbarnaskírn er því ónauðsynleg og óbíbíluleg. Staðreyndin er sú að saklaust barn er borið í þennan illa heim og erfir syndugt eðli foreldra



sinna og er því undir sama dómi og Adam hlaut eftir syndafallið: „*Mold ert þú og til moldar skaltu aftur hverfa.*“ (1. Mós.3.19). Ungbarn hefur samt ekki hafnað frelsunaráformi Guðs, sem stendur öllum til boða. Verðleiki Kristis umlykur barnið. Þegar mæðurnar komu með börn sín til Jesú, sagði Hann: „*Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því slíkra er Guðs ríki... og Hann blessaði þau.*“ (Mar. 10.14-16). Jesús skírði þau ekki, en Hann blessaði þau. Þetta ættum við einnig að gera við ung börn.

Þessi kenning um ungbarnaskírn byggir á því að trú guðforeldra barnsins verndi (umvefji) barnið, þar sem það er of ungt til að geta tekið sjálftrú. En Biblían segir: „*Svo kemur þá trúin af boðuninni*“ (Róm. 10.17). Ungbarn skilur ekki boðun eða predikun og getur því ekki haft eigin trú. Við lesum einnig: „*Sá sem trúir og skírist mun hólpinn verða.*“ (Mark. 16.16). Afleiðingin er sú að þeir sem vilja skírast verða að hafa trú. Það er því rangt þegar guðforeldrar „taka trú“ fyrir barnið. Guðforeldrarnir ásamt prestinum segja að barnið muni öðlast trú síðar meir í gegnum ferminguna, en það er allsendis óvíst.

Lítum á nokkur dæmi um skírnir í Biblíunni. Takið eftir að trúin er nauðsynlegur þáttur.

Þegar Filippus flutti fagnaðarerindið til hirðmannsins frá Eþíópíu, þá spurði hirðmaðurinn Filippus: „*Hér er vatn, hvað hamlar mér að skírast? Filippus sagði: Ef þú trúir af öllu hjarta er það heimilt. Hirðmaðurinn svaraði honum: Ég trúi að Jesús Kristur sé sonur Guðs. Hann lét stöðva vagninn og stigu báðir*

niður í vatnið, Filippus og hirðmaðurinn og Filippus skírði hann“. (Post. 8.34-38).

Þegar Filippus boðaði fagnaðarerindið í Samaría voru margir sem tóku trú. Ritningin segir okkur hvað gerðist síðan: „**Nú trúðu menn Filippusi þegar hann flutti fagnaðarerindið um Guðs ríki og nafn Jesú Krists, og létu skírast, bæði karlar og konur.**“ (Post. 8.12).

Menn og konur voru skírð, ekki börn.

Í Biblíunni er einnig að finna sögu um fangelsisvörð sem tók trú og öll hans fjölskylda. Ætla mátti að þar hefðu einnig verið börn sem voru skírð. En ekkert gefur til kynna að um ungabörn hafi verið að ræða. Fólkið hlustaði á það sem verið var að boða og þeir sem skírðust tóku við Jesú Kristi sem sínum persónulega frelsara. Hér fer sagan: „**Síðan leiddi hann þá út og sagði: „Herrar mínir, hvað á ég að gjöra til að verða hólpin?“ En þeir sögðu: „Trú þú á Drottin Jesú, og þá munt þú verða hólpin og heimili þitt.“ Og þeir fluttu honum orð Drottins og öllum á heimili hans. Á þessari sömu næturstund tók hann þá með sér og laugaði meiðsli þeirra eftir högginn, og var hann þegar skírður og allt hans fólk. Síðan fór hann með þá upp í hús sitt, bar þeim mat og var hann og allt heimafólk hans fagnandi yfir því að hafa tekið trú á Guð.**“ (Post. 16.30-34).

Hér að framan var Páll að tala til fangelsisvarðarins í Filíppí og fjölskyldu hans. Þau tóku öll við Jesú sem frelsara og skírðust. Ef börn voru á staðnum hlutu þau að vera orðin nógu stálpuð til að skilja boðskap Páls.

Orðið (niðurdýfingar)skírni er komið af orðinu „baptismo“ sem var notað í

tengslum við járníðn. Orðið lýsir því hvernig tilteknum hlut er dýft ofan í vatn. Ef járnsmiður var búinn að móta hlut, þurfti hann að dýfa hlutnum ofan í vatn til að mótunin héldist óbreytt. Við niðurdýfingarskírni sýnir einstaklingur, á táknrænan hátt, hvernig hann hefur meðtekið fórn Jesú, greftrun og uppris. Skírmin táknar einnig þá umbreytingu sem á sér stað hið innra, þ.e. að syndin sé „grafin“ og yfirfærð á Jesú til að Hann geti friðþægt fyrir syndina – og að lokum upprisa hins nýja manns í Kristi.

Eftirfarandi vers lýsir þessu vel: „**Eða vitið þér ekki, að allir vér sem skírðir erum til Krists Jesú, erum skírðir til dauða Hans? Vér erum því dánir og greftraðir með Honum í skírnni til þess að lifa nýju lífi, eins og Kristur var upp vakinn frá dauðanum fyrir dýrð Föðurins.**“ (Róm. 6.3-4).

Þessi vers sýna ljóslega að sá sem sem tekur skírni er dýft ofan í vatn og ris hann síðan upp að nýju í Kristi. Þetta er ekki það sem gerist við ungbarnaskírni. Biblían kallar skírnnina „**bæn til Guðs um góða samvisku**“; „**Með því var skírinn fyrirmynduð, sem nú einnig frelsar yður, hún sem er ekki hreinsun óhreininda á líkamanum, heldur bæn til Guðs um góða samvisku fyrir upprisú Jesú Krists.**“ (1. Pét. 3.21).

Ef við ætlum að gera samkomulag eða undirrita samning við einhvern er mikilvægt að vita um innihald samningsins. Sama á við um skírnnina. Áður en maður tekur skírni er mikilvægt að rannsaka Biblíuna í bæn til að kynna sér skilmála samningsins eða sáttmálans. Þetta er ein ástæðan fyrir því að þetta er kallað „trúarskírni“ eða „fullorðinsskírni“.



Áður en skírni er tekin þarf að taka upplýsta ákvörðun – ákvörðun um að leyfa Guði að breyta okkur og biðja um kraft Jesú til að fylgja Honum alla leið. (1. Pét.2.21). Skírinni er hið sýnilega tákni um þá umbreytingu sem hefur orðið hið innra.

Fermingin var innleidd af kaþólsku kirkjunni á 13.öld. Staðreyndin er sú að aðeins fámennur hópur þeirra sem láta ferma sig trú á Krist sem sinn persónulega frelsara sem sýnir að athöfnin þjónar litlum tilgangi. Marteinn Lúter fordæmði ferminguna á sínum tíma og kallaði hana múgsefjun. Hann leit líka á ferminguna sem vissa blekkingu. Hann taldi að flestir fermdust vegna þess að allir aðrir gerðu það, færðu síðan með loford hver til annars sem vildu svo gleymast þegar fram liðu stundir. Lúter útrýmði fermingarsíðnum á sínum tíma, og hann var ekki tekinn upp í Noregi fyrir en 1736.

Ungbarnaskírni og ferming eru hefðir, byggðar á mannaþingum. Þær koma í staðinn fyrir hina biblíulegu skírni. Það er nákvæmlega á þennan hátt sem djöfullinn vinnur. Hann kemur með eitthvað í stað

hinna biblíulegu sanninda, eitthvað keimlíkt en samt sem áður öðruvísi.

Ritningin segir að „*einn er Drottinn, ein trú og ein skírni*“ (Efesus 4.5). Við höfum séð af framangreindu að ungbarnaskírni er ekki hin sanna skírni heldur er það trúarskírni, þar sem viðkomandi tekur við Kristi eftir að hafa heyrt fagnaðarerindið. Sá sem skírast á að fylgja fordæmi Jesú. Jesús var skírður á fullorðinsaldri (um þrítugt) í ánni Jórdan. Í sjálfu sér þurfti Hann ekki að skírast þar sem Hann var syndlaus. Samt sem áður tók Hann skírni svo við mættum fylgja fordæmi Hans. (Matt. 3.13-17 ; 1. Pét.2.21).

Sá sem tekur skírni er því dýft ofan í vatn og rís svo upp til nýs lífs í Kristi. Ættum við þá ekki að viðhafa hina biblíulegu niðurdýfingarskírni í stað skírnar kaþólsku kirkjunnar og hinnar fráfallnu mótmælendakirkju? Ungbarnaskírni og ferming eru kaþólskar athafnir og þeir sem trú á að þessar athafnir veiti frelsun vegna þess að foreldrar þeirra tóku þátt í þeim, þeir lifa í blekkingu. Þeir hafa ekki upplifað hina biblíulegu



niðurdýfingarskírni, eina skírnarformið sem er tekið gilt samkvæmt orði Guðs. Allir sem vilja feta í fótspor Jesú munu vilja taka niðurdýfingarskírni. Ungbarnaskírni er ekki hin biblíulega skírni. Þar eru það foreldrar og guðforeldrar sem „trúa fyrir“ barnið, en sá sem skírist á að hafa sína eigin trú. Jesús sagði við Nikódemus: **„Enginn getur komist inn í Guðs ríki, nema hann fæðist af vatni og anda.“** (Jóh. 3.5).

Jesús segir að við komumst ekki til himna án þess að skírast af vatni og anda. Þetta ætti að vekja okkur til umhugsunar.

Tökum því hina biblíulegu eða kristlegu trúarskírni. Ungbarnaskírni er ekki biblíuleg, hún byggir aðeins á hefðum.

9. Kaþólska kirkjan segir að frelsun fáiist fyrir sakramentin – t.d. fyrir (ungbarna) skírni, að taka við oblátunni við messufórni, fyrir yfirbótaverk o.fl. Lúter trúði þessu þegar hann var ungur kaþólikki. Dag einn er hann var á hnjánum á leið upp Pílatusarstigann minnti Andinn hann á versíð: **„Hinn réttláti mun lifa fyrir trú.“** (Róm. 1.17). Lúter reis upp og sá að hann hafði verið að skriða á hnjánum

til að öðlast frelsun. Hann taldi að verkin myndu frelsa hann. En nú skein bjartara ljós innra með honum. Honum skildist nú að það er aðeins fyrir trú á Jesús Krist, frelsara heimsins, sem maðurinn frelsast. Maður frelsast ekki fyrir verk heldur eru þau afleiðing eða ávextir trúarinnar. Sem Lúter rannsakaði málið frekar þá fann hann fleiri vers sem fjalla um réttlæti fyrir trú í Jesús Kristi. Þegar við komum syndug fram fyrir Jesú, þurfum við að játa syndir okkar, iðrast þeirra og biðjast fyrirgefningar. Jesús mun þá fyrirgefa okkur syndirnar. Og fyrir okkar trú mun Hann síðan tilreikna okkur sitt réttlæti, óverðskuldað. Ímyndið ykkur þvílíkur léttir það hefur verið fyrir Lúter. Við getum einnig upplifað þetta sama frelsi ef við fylgjum áætlun Guðs.

Lítum á fleiri vers sem fjalla um innihald trúarinnar.

„Trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.“ (Heb. 11.1).

„Svo kemur þá trúin af boðuninni, en boðunin byggist á orði Krists.“ (Róm. 10.17).



Hvaða þýðingu hafa þá verkin?

Við höfum lesið að: „*Vér erum smíð Guðs, skapaðir í Kristi Jesú til góðra verka, sem hann hefur áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau.*“ (Efe.2.10).

Þegar Jóhannes skírari kom fram og boðaði iðrunarskírni sagði hann: „*Berið þá ávöxt samboðinn iðruninni.*“ (Matt.3.8).

Jakob ritar: „*Eins er líka trúin dauð í sjálfu sér vanti hana verkin.*“ (Jakob 2.17).

Þannig að trú án verka er dauð en verkin eru ávextir trúarinnar.

Fyrir trú bar Abel fram betri förn en Kain.

Fyrir trú byggði Nói örkina.

Fyrir trú fóru þeir yfir Rauða hafið.

Fyrir trú framkvæmdu þeir allir eitthvað. Það er réttlæti fyrir trú.

„*Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf son sinn eingetinn til að hver sem á hann trúir, glatist ekki heldur hafi eilíft líf. Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn, heldur að heimurinn skildi frelsast fyrir hann.*“ (Jóh. 3.16-17).

„*En Guð er auðugur að miskunn. Af mikilli elsku sinni, sem hann gaf oss, hefur hann endurlífgað oss með Kristi, þegar vér vorum dauðir vegna misgjörða vorra. Af náð eruð þér hólpnir orðnir. Guð hefur uppvakið oss í Kristi Jesú og búið oss stað í himinhæðum með honum. Þannig vildi hann á komandi öldum sýna hinn yfirgnæfandi ríkdóm náðar sinnar með gæsku sinni við oss í Kristi Jesú. Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því. Vér erum smíð Guðs, skapaðir í Kristi Jesú til góðra verka, sem hann hefur áður fyrirbúið, til þess að vér skyldum leggja stund á þau.*“ (Efe.2.4-10).

„*Sá sem trúir og skírast mun hólpinn verða.*“ (Mar.16.16).



Þegar við tökum við réttlæti Krists verðum við einnig að biðja um mátt til að lifa réttlátu lífi. Þá erum við sannir fylgjendur Hans.

„Þér vitið að hann er réttlátur. Þá skiljið þér einnig að hver sem iðkar réttlætið, er fæddur af honum.“ (1. Jóh. 2.29).

„Börnin mín, látið engan villa yður. Sá sem iðkar réttlætið er réttlátur eins og Kristur er réttlátur.“ (1.Jóh.3.7).

Þannig að það er ekki á okkar valdi að vera réttlát og bera góðan ávöxt, heldur er það kraftur Guðs hið innra. Páll ritar: *“Því að það er Guð sem verkar í yður, bæði að vilja og framkvæma sér til velþóknunar.“* (Fil.2.13).

Það hafa verið deilur milli kaþólsku – og lútersku kirkjunnar alveg síðan Lúter flutti boðskapinn um réttlæti fyrir trú. Árið 1999 komust þessar kirkjudeildir, eftir miklar umræður, að sameiginlegri niðurstöðu varðandi réttlætingu fyrir trú. Plaggið sem var undirritað nefnist *Joint Declaration (Hin sameiginlega yfirlýsing)*. Þetta plagg var undirritað þann 31. okt. 1999, nákvæmlega 482 árum eftir að Lúter negldi yfirlýsingar sínar á kirkjudyrnar í Wittenberg, þar sem hann lagði m.a. áherslu á réttlæti fyrir trú. Þessi sameiginlega yfirlýsing færði lútersku kirkjuna aftur til Rómar, því þar segir að hjálpræði sé einnig að finna í sakramenntunum.

Mótmælendur hafa gefið eftir, ekki Róm

Nú, 500 árum eftir atburðinn í Wittenberg, sjáum við kirkjudeildir kaþólikka og



mótmælenda fagna saman þessum tímamótum Lúters. Þeir gera lítið úr þessu upphlaupi Lúters og tala um að nú séu breyttir tímar og menn eigi að standa saman til að varðveita **friðinn**. En þessi friður byggir á samkirkjutilburðum, samningaumleitunum og meirihlutakosningum. Jesús sagði: *„Frið læt ég yður eftir, min frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur.“* (Jóh.14.27).

Sannur friður kemur aðeins þegar við meðtökum Jesús Krist sem Drottinn og höfum hlotið syndafyrirgefningu fyrir trú á Jesú. Þegar þessi ákvörðun hefur verið tekin mun hinn trúaði meðtaka Heilagan Anda sem mun gefa viðkomandi kraft til að feta í fótspor Jesú og kraft til góðra verka.

Heimurinn getur ekki gefið þennan frið. Þeir sem kjósa að fylgja aðferðum Rómar sem fara gegn vilja Guðs, munu ekki hljóta þennan innri frið sem aðeins Jesús getur gefið. Við verðum að velja að hlýða Kristi. Þá mun kraftur Hans yfirskyggja okkur og leiða okkur hinn þrönga veg lífsins.



Siðbótamennirnir skildu hvað það þýddi að meðtaka hjálpræði Jesú Krists. Þeir skildu kannski ekki allt, en:

- Anabaptistar skildu tákni skírmarinnar.
- Lúter vissi um hvað náðin snérist.
- Húss skyldi tilgang hlýðninnar.
- Wesley skyldi nauðsyn helgunarinnar.
- Valdensarnir skildu mikilvægi Biblíunnar.
- Miller skildi merkingu endurkomu Jesú Krists.

Hvað með okkur? Við höfum lært sitthvað af þessum mönnum og höfum því aðeins meiri vitneskju en forverar okkar. En nú þurfum við að sjá heildarmyndina. Við þurfum að boða þessi sannindi þ.m.t. trú, náð, hjálpræðið, líf í Kristi, starf Heilags Anda, vöxt í náð, mótun lyndiseinkunnar, ávexti Andans, endurkomuna og síðast en ekki síst eftirfarandi efni.

10. Kaþólska kirkjan hefur breytt boðorðunum tíu. Því miður hélt Lúter hinni kaþólsku útgáfu af boðorðunum í trúarkveri sínu. Hann ólst upp sem kaþólikki og áttaði sig ekki á þeirri breytingu sem kaþólska kirkjan hafði gert á boðorðunum.

Kirkjan felldi út annað boðorðið og skipti því tíunda í tvennt. Einnig var hluti af fjórða boðorðinu tekinn út. Þetta er líklega ein mesta blekking sögunnar. Samt sem áður telja margir að kaþólska kirkjan sé kristin stofnun. En kristinn einstaklingur fylgir Kristi en breytir ekki boðum Hans eins og kirkjan hefur gert. Þess vegna erum við sammála Lúter og siðbótamönnum um að páfinn beri öll einkenni antikrists.

Marteinn Lúter orðaði það svo: „*Ég hef sagt að páfinn sé staðgengill Krists. Nú staðhæfi ég að hann er andstæðingur Drottins vors, postuli djöfulsins.*“ (D'Aubigne, b.7, ch.6).

Þegar bréf páfa barst til Lúters, sagði hann: „*Ég fyrirlít það og fordæmi sem óguðlegt og byggt á rangindum... Þar er Kristur sjálfur fordæmdur... Ég fagna því að þurfa að bera slíkar sakir fyrir hinn æðsta málstað. Ég finn aukið frelsi í hjarta mínu því loksins veit ég að PÁFINN ER ANTÍKRISTUR OG AÐ HÁSÆTI HANS ER HÁSÆTI SATANS SJÁLFS.*“ (D'Aubigne, b.6. ch.9).

Hversu margir lúterstrúarmenn geta tekið undir þetta í dag? Ef við umorðum spurninguna: Er lúterska kirkjan að einhverju leyti antikristur, þar sem hún heldur sunnudaginn sem hvíldardag?

Eins og áður sagði hefur kaþólska kirkjan

fjarlæggt stóran hluta textans í fjórða boðorðinu í trúarkveri sínu.

Fjórða boðorðið hljóðar svo: „**Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan. Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk, en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni Guði þínum. Þá skalt þú ekkert verk vinna og ekki sonur þinn eða dóttir þín, þræll þinn eða ambátt þín eða skepnur þínar eða nokkur útlendingur sem hjá þér er innan borgarhlíða þinna, því að á sex dögum gjörði Drottinn himin og jörð, hafid og allt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn. Fyrir því blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann.**“ (2. Mós. 20. 8-11).

Í fjórða boðorðinu í trúarkveri kaþólsku


kirkjunnar, er ekkert sem gefur til kynna að sjöundi dagurinn sé hinn sanni dagur hvíldar. Flestir vita að Jesús dó á föstudegi. Biblían kallar þann dag aðfangadag, daginn fyrir hvíldardag. (Mark. 15.42-43). Dagurinn þar á eftir er kallaður hvíldardagur (sabbath). Samkvæmt Biblíunni er það sjöundi dagurinn, síðasti dagur vikunnar.

Meðan Jesús hvíldi í gröfinni, héldu lærissveinar Hans kyrru fyrir samkvæmt boðorðinu. (Lúk. 23.53-56). Daginn eftir var sunnudagur. Samkvæmt Ritningunni er sunnudagurinn fyrsti dagur vikunnar. Á þessum degi reis Jesús upp frá dauðum. (Mark. 15 42-47; 16.1-6).

Allir þeir sem lesa þessi vers sjá að sunnudagurinn er fyrsti dagur vikunnar



og hvíldardagurinn hinn sjöundi. Samkvæmt Biblíunni er hvíldardagurinn dagur hvíldar. Allir kristnir menn ættu að halda hvíldardag Drottins, þar sem það var Hann sem innleiddi daginn. Biblían segir: „*Allir hlutir voru gjörðir af Honum.*“ (Jóh. 1.1-14). Einnig stendur ritað: „*Mannsonurinn er herra hvíldardagsins.*“ (Mark.2.27-28). Þessi vers sýna einnig að hvíldardagurinn varð til mannsins vegna. Margir telja að hvíldardagurinn hafi aðeins verið fyrir gyðingana, eins og getið er neðanmáls í nýjum (samkirkjulegum) biblíuþýðingum. En það er ekki rétt þar sem hvíldardagurinn var gefinn við sköpunina. Ritað er að Guð skapaði jörðina á sex dögum og hvíldist hinn sjöunda dag. Þannig á hvíldardagurinn upphaf sitt við sköpunina en ekki við upprisu Jesú. Upprisudagur Krists er fyrsti vinnudagur vikunnar, eftir að Jesús hvíldi hinn sjöunda dag. Það er ekki svo að Jesús hafi haft tvo hvíldardaga hvorn á eftir öðrum, hinn sjöunda og síðan hinn fyrsta. Nei, Jesús hvíldi í gröfinni sjöunda daginn og reis svo upp til lífsins hinn fyrsta dag vinnuvikunnar,



alveg eins og Hann byrjaði starf sitt við upphaf sköpunar á sunnudegi, fyrsta degi vikunnar.

Hvergi í Biblíunni er neitt að finna þess efnis að Jesús hafi sagt mönnum að hætta að halda hvíldardaginn og byrja að halda sunnudaginn, fyrsta dag vikunnar. Ef Jesús hefði gert þessa breytingu hefði Hann sagt það skýrum orðum. Hann hefði einnig þurft að breyta boðorðunum tíu, sem segja skýrt að við eigum að halda sjöunda daginn sem hvíldardag. En eins og ritað er þá breytist Guð ekki:

„*Jesús Kristur er í gær og í dag, hinn sami og um aldir.*“ (Heb.13.8).

„*Ég Drottinn hef ekki breytt mér.*“ (Mal.3.6).

„*Grasið visnar, blómin fölna, en orð Guðs vors stendur stöðugt eilíflega.*“ (Jes.40.8):

Kapólska kirkjan staðhæfir að hún hafi breytt hvíldardeginum. Eftirfarandi má lesa í hinu kapólska trúarkveri (Catholic Catechism):

Spurning: Hvaða dagur er hvíldardagur?

Svar: Laugardagurinn er hvíldardagur.

Spurning: Af hverju höldum við sunnudaginn í stað laugardagsins?

Svar: Við höldum sunnudaginn í stað laugardagsins vegna þess að kapólska kirkjan færði helgi laugardagsins yfir á sunnudag á Laódíkeuþinginu árið 336 e.Kr.

Spurning: Getið þið sannað með einhverju öðru móti að kapólska kirkjan hafi vald til að breyta grundvallarlögum og – tíðum?

Svar: Ef hún hefði ekki slíkt vald, hefði hún ekki getað gert þá breytingu sem allur hinn trúarlegi heimur fylgir, þ.e. hún hefði ekki getað breytt hvíldardeginum frá laugardegi, sjöunda degi vikunnar yfir á sunnudag, fyrsta dag vikunnar. En fyrir þessari breytingu er enginn biblíulegur grundvöllur.

Heimildir: „*Doctrinal Catechism*“, p.174, og „*The Converts Catechism of Catholic Doctrine*“ (1977 edition) p.50.

Það er eftirtektarvert að nafnið sunnudagur þýðir „dagur sólarinnar“ en ekki „dagur Mannssonarins“ (sun/son). Konstantín keisari var fyrstur til að lögleiða sunnudaginn sem helgidag árið 321 e. Kr. : „*allir skulu leggja niður störf sín á hinum virðulega degi sólarinnar, hvers eðlis sem þau eru, bæði dómara og þorpsbúar en sveitafólk hefur frelsi til að sinna bústörfum.*“ (History of the Christian Church, 5th edition. Volume 3, p. 380.)

Við endurtökum að sunnudagur þýðir dagur sólarinnar en ekki dagur sonarins.

Breyting á lögum/skjalafals

Það er nokkuð ljóst að kaþólska kirkjan hefur falsað lagasetningar. Erfðaskrá er gerð á meðan viðkomandi einstaklingur er lifandi. Þegar viðkomandi deyr tekur erfðaskráin gildi og enginn getur breytt innihaldi hennar. Ef einhver breytir erfðaskránni þá er það fölsun. Þetta er nákvæmlega það sem kaþólska kirkjan hefur gert. Hún hefur sett fram falskan vitnisburð og þar hefur hún breytt boðorðunum tíu og hvíldardeginum. Við sjáum að þessi breyting var gerð um 300

árum eftir dauða Jesú. Þetta er hugsanlega mesta skjalafölsun sögunnar og þetta lögbrot er skráð í bækurnar á himnum. Afleiðingarnar hafa verið gríðarlegar. Milljónir manna hafa verið blekktar vegna þessarar fölsunar. Við vorkennum þessu fólki því það hefur í góðri trú hlustað á presta sína og predikara og treyst því að þeir væru að flytja orð Guðs. En nú er runninn upp sá tími þegar blekkingar og ofsóknir kirkjunnar verða afhjúpaðar og fólk hvatt til að segja skilið við villukenningar hennar.

Jóhannes Páll páfi viðurkenndi í umburðarbréfi sínu, *Dies Domini*: „**Það er vegna þessa sem hinir kristnu, sem kallaðir eru til að boða hjálpræðið sem fórn Krists var, töldu sig hafa vald til að færa helgi hvíldardagsins yfir á upprisudaginn.**“ (Dies Domini, point 63, maí, 1998).

Hann ritaði einnig: „...**hin andlegu og prestlegu gildi sunnudagsins, sem við höfum fengið í hendur með hefðum (erfikenningum).**“

Takið eftir hvað þessi yfirlýsing páfans er byggð á veikum rökum. Páfinn viðurkennir hér opinberlega að hafa breytt hvíldardeginum frá laugardegi yfir á sunnudag. Kaþólska kirkjan taldi sig hafa vald til að gera þessa breytingu. Hér setja þeir sín lög ofar lögum Biblíunnar. Þeim fannst þeir hafa umboð fyrir þessari breytingu.


Það að byggja ákvarðanir okkar á tilfinningum getur leitt okkur í ógöngur.

Páfinn viðurkennir einnig að sunnudagshelgihald sé erfikenning eða hefð. Af hverju geta ekki aðrar kirkjudeildir



Keeping the Lord's Day Holy

John Paul II



DIES DOMINI

CATHOLIC TRUTH SOCIETY

verið jafn heiðarlegar og kaþólska kirkjan og viðurkennt að sunnudagshelgihald sé byggt á gamalli hefð. Þessi breyting kaþólsku kirkjunnar á hvíldardeginum, frá laugardegi yfir á upprisudaginn er algjörlega óréttmæt. Samt sem áður viðurkennir kirkjan að hafa gert þessa breytingu. Á dómsdegi mun ekki aðeins opinberast hvort við höfum játað syndir okkar, heldur einnig hvort við höfum iðrast og fylgt boðum Guðs.

Hinn ráðvandi Salómon skrifaði: „*Vér skulum hlýða á niðurlagsorðið í því öllu: „Óttastu Guð og haltu Hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra. Því að Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt.“*“ (Pred. 12.13-14).

Lítum nú á tvær kaþólskar tilvitnanir.

„*Vegna sinnar guðdómlegu köllunar breytti kaþólska kirkjan deginum frá laugardegi yfir á sunnudag, meir*

en þúsund árum áður en nokkur mótmælandi eða siðbótamaður var til.“ (Catholic Mirror, Sept. 1893).

„*Sunnudagurinn er merkið um vald okkar. Kirkjan er hafin yfir Biblíuna, og þessi breyting á hvíldardeginum (yfir á sunnudag) er staðfesting á því.“* (Catholic Record, London/Ontario, Sept. 1. 1923).

Þarna höfum við það. Kaþólska kirkjan viðurkennir að vera hafin yfir Biblíuna. Hún segist hafa guðlegt vald til að breyta helgitiðum og lögum (Dan. 7.25). Hún tekur sér vald sem er ekki í samhljóman við orð Guðs.

Þegar Jesú var freistað af djöflinum, þá vitnaði Hann alltaf í orð Guðs. Hann sagði: „*Ritað er*“ (Matt. 4.10). Vald Hans var að finna í Ritningunni. Þeir sem hafa ekki Biblíuna sem vevísi, hafa ekkert vald því hið sanna vald er aðeins að finna í orði Guðs.

...en breyttu lærissveinarnir hvíldardeginum?

Sumir halda því fram að lærissveinar Jesú hafi byrjað að halda sunnudaginn sem hvíldardag í stað laugardagsins, til minningar um upprisu Jesú. Biblían minnst ekkert á slíka breytingu. Ef við lesum allar átta tilvitnanirnar sem fjalla um fyrsta dag vikunnar, sjáum við að þar er ekkert sem bendir til þess að hinir kristnu hafi haldið sunnudaginn sem hvíldardag í stað laugardagsins, sjöunda dag vikunnar. (Matt. 28.1; Mark. 16.2,9; Lúk. 24.1; Jóh. 20.1; Post. 20.7; 1.Kor. 16.2).

Í Postulasögunni sjáum við þvert á móti að lærissveinarnir héldu hvíldardaginn

áfram eins og Jesús hafði boðið þeim. (Post. 13.14-15; 13.42-44; 16.12-13; 17.1-2; 18.3-4).

Kirkjuþingið í Trent

Það kaþólska kirkjuþing sem hafði hvað mest vægi var kirkjuþingið í Trent (1545-1563). Aðalmarkmið þess var „*að skilgreina kenningar kirkjunnar til að svara villukenningum mótmælenda.*“ –Catholic Encyclopedia, vol.XV, „The Council of Trent“.

Á þessu kirkjuþingi voru háværar deilur um það hvort hefði meira vægi; hefðir kirkjunnar eða bókstafur Biblíunnar. Niðurstaða fékkst að lokum á síðasta fundinum. Athyglisvert er að sjá að það atriði sem varð til þess að hefðir voru settar framur Biblíunni, var breyting hvíldardagsins. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að sú breyting væri sönnunin fyrir því að kirkjuvaldið væri ofar orði Guðs, Biblíunni.

Niðurstöðunni er lýst svo: „*Loksins hættu menn að tvístíga. Erkebiskupinn af Reggio flutti ræðu þar sem hann sagði að hefðir væru ofar Ritningunni. Vald kirkjunnar gæti því ekki verið bundið af valdi Biblíunnar, því að kirkjan hefði breytt umskurn yfir í skírn, hvíldardeginum yfir á sunnudag, ekki með skipun frá Kristi, heldur af sínum eigin myndugleik.*“ (J.H.Holtzman, Canon and Tradition, published in Ludwigsburg, Germany, 1859, p.263).

Nú erum við að komast að kjarna málsins. Mótmælendur og siðbótamenn sögðu, og segja í dag, að Ritningin og Ritningin ein sé grundvöllur trúar

þeirra og kenninga. En kaþólska kirkjan mótmælir því og segir: „*Nei, mótmælendur byggja trú sína ekki einvörðungu á Biblíunni því þeir halda fyrsta dag vikunnar, sunnudaginn, sem dag hvíldar þegar Biblían segir að halda skuli sjöunda daginn, laugardaginn.*“

Við erum sammála kaþólsku kirkjunni hvað þetta varðar. Þeir viðurkenna að hafa breytt hvíldardeginum frá laugardegi til sunnudags, frá sjöunda deginum til hins fyrsta. Á sama tíma ávita þeir mótmælendur fyrir að segjast fylgja Biblíunni, sem þeir í raun gera ekki, þar sem þeir fylgja kaþólskri hefð og halda fyrsta dag vikunnar sem hvíldardag.

„*Það er aðeins eitt sem mótmælendur geta gert, en það er að taka skýra afstöðu með hinu ritaða orði Biblíunnar. Það er ekki of seint fyrir mótmælendur að snúa við. Munu þeir gera það? Munu þeir standa fast við upprunalegar játningar sínar. Eða munu þeir halda áfram á hinni óverjandi og mótsagnakenndu braut að segjast vera mótmælendur en fylgja samt kaþólskum hefðum? Munu þeir halda hvíldardag Drottins, sjöunda daginn, samkvæmt Biblíunni? Eða munu þeir halda sunnudaginn samkvæmt hinni kaþólsku hefð.?“ (Catholic Mirror, Sept 2.:9.;16.:23. 1893, tracts entitled *Rome's Challenge*).*

Kæri vinur! Hvaða afstöðu ætlar þú að taka í þessu máli?

Marteinn Lúter þorði að rísa upp og ávita kaþólsku kirkjuna, sem hann svo síðar yfirgaf. Hann hafði ekki fullan skilning

á því að Guðs lögum hafði verið breytt, og átti það einnig við um breytinguna á hvíldardeginum. Þeir sem fylgdu í fótspor Lúters með siðbótinni hefðu átt að ganga lengra en hann, en í staðinn hafa þeir snúið aftur til Rómar.

Mótmælendur hafa farið villu vegar hvað varðar hvíldardaginn. Þeir hafa meðtekið kaþólska hefð og hafa því ekki náð því markmiði sínu að hafa Biblíuna sem hinn eina grundvöll trúar sinnar og kenninga. Vegna þessa tiltekna fráfalls hafa mótmælendur smám saman verið að færa sig nær Róm. Þessari málamiðlun og endurkomu verður minnst þegar þeir fagna 500 ára afmæli Lúters og meintum svikum hans við kaþólsku kirkjuna. Í vissum skilningi er eining meðal þeirra því það eru engir sannir mótmælendur eftir (með fáum undantekningum) sem hafa Biblíuna eina að leiðarljósi, því þeir fylgja einnig hefðum kaþólsku kirkjunnar.

Nú skulum við líta á nokkrar af hinum óbiblíulegu erfikeningum Rómar sem Lúterska kirkjan og aðrar mótmælendakirkjur hafa tekið upp.

Lúterska kirkjan fylgir erfikeningu með því að halda sunnudaginn, fyrsta dag vikunnar, í stað hvíldardagsins, sjöunda dagsins. Það eru engin biblíuleg rök fyrir þessu.

Lúterska kirkjan fylgir erfikeningu með því að viðhafa ungbarnaskírnið, sem engin Biblíuleg rök eru fyrir, í stað þess að viðhafa trúarskírminna.

Lúterska kirkjan fylgir erfikeningu með því að ferma, þar sem 14 til 15 ára gamlir unglingar staðfesta trú sem þeir völdu

ekki persónulega þegar þeir voru skírðir sem ungbörn.

Sjáið hversu alvarlega viðvörðun Jesús gefur þeim sem blekkja aðra: „*En hverjum þeim sem tælir til falls einn af þessum smælingjum sem á mig trúá, væri betra að vera sökkt í sjávardjúp með mylnustein hengdan um háls. Vei heiminum vegna ginninga hans. Hjá ginningum verður eigi komist, en vei þeim manni sem veldur.*“ (Matt. 18.6-7).

Samantekt

Til lengri tíma litið, tókst siðbótinni ekki sem skyldi vegna þess að Ritningin ein er ekki höfð að leiðarljósi. Sú staðreynd að forsvarsmenn siðbótarinnar og mótmælenda halda sunnudaginn sem hvíldardag er skýrasta sönnun þess.

Margir segja að siðbótin hafi runnið sitt skeið með Lúter, en henni þarf að halda á lofti allt til endalokanna. Það beið Lúter mikið verk að boða það ljós sem Guð gaf honum. En honum var ekki gefið allt það ljós sem heimurinn átti eftir að fá. Frá dögum Lúters og til okkar tíma hefur nýtt ljós borist og ný sannindi Biblíunnar opinberast. Hvað kom fyrir biblíutrú siðbótamannanna? Í dag erum við í þörf fyrir mikinn fjölda nýrra siðbótamanna. Fólk þarf að sjá þær fölsku kenningar sem margar kirkjur boða. Á sama tíma þarf fólk að heyra hinn skýra sannleik okkar tíma, eins og lesa má í 14. kafla Opinberunarbókarinnar, versum 6-12, ásamt Opinb. 18.4. Hver er tilbúinn að standa upp og verja málstað Guðs, eins og Lúter gerði?

Í dag lítur út fyrir að öll hin spilltu öfl

jarðarinnar muni fara með sigur af hólmi. En Ritningin segir okkur að þessi öfl berjast gegn Kristi og fylgjendum Hans. (Opb. 17.12-14). Við sjáum hér að það er Guð sem er við stjórnvölinn og það er hann sem dregur mörkin. Það eru fylgjendur Guðs sem munu fara með sigur af hólmi í þessari baráttu, sem mun vara fram í endalokin.

Lokaprófið

Biblían opinberar okkur að rétt fyrir endurkomu Krists, muni lokaprófið sem lagt verður fyrir heiminn snúast um tilbeiðslu. Því er lýst svo: „**Og því var leyft að gefa líkneski dýrsins anda, til þess að líkneski dýrsins gæti einnig talað og komið því til leiðar að allir yrðu þeir deyddir sem ekki vildu tilbiðja líkneski dýrsins. Og það lætur alla, smáa og stóra, auðuga og fátæka, frjálsa og ófrjálsa setja merki á hægri hönd sér eða á enni sín og kemur því til leiðar að enginn geti keypt eða selt nema hann hafi merkið, nafn dýrsins, eða tölu nafns þess. Hér reynir á speki. Sá sem skilning hefur reikni tölu dýrsins, því að tala manns er það, og tala hans er sex hundruð sextíu og sex.**“ (Opb. 13.15-17).

Prófið mun því snúast um það hvort við tilbiðjum Guð sem skapara eða hvort við tilbiðjum dýrið og tökum við merki þess. Við endurtökum: Þetta snýst um tilbeiðslu en ekki örflögur. Margir trúa því að merki dýrsins sé e.k. örflaga. Örflögur má nota sem stjórnþæki m.a. til að koma í veg fyrir að þeir geti keypt eða selt sem ekki hafa merki dýrsins.


Peningar munu verða teknir úr umferð



og einungis verður hægt að nota greiðslukort. Örflögur verða /eru settar í kortin eða jafnvel komið fyrir undir húð viðkomandi. Það er ekki flókið að loka fyrir greiðslukort. Þeir sem ekki taka við merki dýrsins mun verða refsað fyrir óhlýðni við jarðnesk yfirvöld. Refsingin mun felast í að geta ekki keypt eða selt. Það að fá merkið á enni sitt eða hönd sína er táknrænt. Ennið táknar skilning mannsins en höndin táknar gjörðir. (5.Mós. 11.18). Ákvarðanatáka á sér stað í framheilanum. Við getum annað hvort **kosið** að taka við merki dýrsins eða tekið við því með **gjörðum** okkar.

Biblían segir okkur að við eigum að tilbiðja Hann sem skapaði himnana og jörðina. Fjórða boðorðið tiltekur hvern við eigum að tilbiðja – þann sem skapaði á sex dögum og hvíldist þann sjöunda. Rétt fyrir endurkomu Jesú verður þetta mál um hvíldardaginn aðalatriðið vegna þess að það snýst um tilbeiðslu. Við lifum á þeim tímum þegar leiðtogar heimsins ýta

að okkur sunnudeginum sem hvíldardegi, fjölskyldudegi og tilbeiðsludegi. Í Evrópu vinnur hið evrópska sunnudagasamband (*The European Sunday Alliance*), ötullega að því að koma sunnudeginum að sem degi fjölskyldunnar og hvíldardegi. Í Bandaríkjunum eru margar trúarhreyfingar sem stefna að sama marki t.d. *The Christian Coalition* og *The Lord's Day Alliance* ásamt fleirum.



Það að halda sunnudaginn sem hvíldardag stríðir gegn orði Guðs og boðorðunum tíu, sem segja að við eigum að tilbiðja Guð á þeim degi sem Hann hvíldist, sjöunda degi vikunnar. Allir munu fljótlega þurfa að velja hvort þeir vilja tilbiðja Hann sem skapaði himinn og jörð og virða hvíldardag Hans eða hvort þeir vilja tilbiðja og sýna hollustu við dýrið (páfádóm) og taka við merki þess.



Við höfum lesið nokkrar tilvitnanir frá kaþólsku kirkjunni þar sem hún segist hafa merki eða tákn. Þetta merki sé tákn um vald hennar til að breyta helgitiðum og lögum og koma með nýjar hefðir eins og hvíldardaginn. Biblían opinberar okkur að þetta sé nákvæmlega það sem myndi gerast. Í Daníel 7. 25. lesum við að þessi

kirkja myndi breyta helgitiðum og lögum.

Við sáum að þeir hafa breytt hvíldardeginum frá laugardegi yfir í sunnudag. Þar sem þú hefur nú vitneskju um þetta, hvoru valdinu ætlar þú að sýna hollustu? Þar sem þú hefur

upplýsingar um það hvað hin fráfallna

kirkja gerði við hvíldardaginn þá mun ákvörðun þín snúast um líf eða dauða. Ritað er:

„Hver sem því hefur vit á að gjöra gott, en gjörir það ekki, hann drýgir synd.“

(Jakob 4.17).

Ákvörðunin um að tilbiðja

Skaparann eða dýrið og taka við merki þess er eitthvað sem mun gerast í framtíðinni. Það mun gerast þegar **merki dýrsins, sunnudagurinn** verður lögleiddur sem hvíldardagur. (Opb. 13.15-16). Við ættum að taka ákvörðun í dag því enginn veit sína ævina. Í dag er hjálpræðisdagur. Því er það eins og Heilagur Andi segir: *„Ef þér heyrið raust Hans í dag, þá forherðið ekki hjörtu yðar.“* (Heb. 3.7-8).

Ef við ákveðum að fylgja Jesú í dag, mun það verða auðveldara á morgun.

Gaumgæfið vandlega eftirfarandi ritningartexta:

„Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín.“ (Jóh. 14.15)

„Að vér elskum Guðs börn þekkjum vér af því, að vér elskum Guð og breytum eftir boðorðum hans.“ (1. Jóh. 5.2-3)

„Sá sem segir: „Ég þekki hann,“ og heldur ekki boðorð hans, er lygari og sannleikurinn er ekki í honum. En hver sem varðveitir orð hans, í honum er sannarlega kærleikur til Guðs orðinn fullkominn. Af því þekkjum vér að vér erum í honum.“ (1.Jóh. 2.4-5)

„Mínir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér.“ (Jóh.10.27)

Lokaácall

Í þessari grein höfum við varað við trúarkerfi kaþólsku kirkjunnar, sem er ábyrgt fyrir mörgum villukenningum

varðandi Guðs orð. Við erum því ekki að dæma kaþólikka sem einstaklinga. Heldur er það **kaþólska kerfið** sem við höfum einblínt á og borið það saman við Guðs orð.

Við vonum því að þessi skrif muni hjálpa bæði kaþólikkum sem og öðrum að komast að rétttri niðurstöðu.

Við trúum því að í hinum mörgu trúarbrögðum heimsins sé að finna heiðarlegt og vel meinandi fólk þ.m.t. í kaþólsku kirkjunni. Margir munu taka afstöðu gegn þessum villukenningum eins og breytingunni á boðorðunum tíu. Þegar fólk sér að erfikenningar manna hafa smeygt sér inn í hinar ýmsu kirkjudeildir mun það segja skilið við þessa söfnuði sem hafa haldið því í blekkingavef. Við trúum því einnig að þeir sem segja skilið við þessar kirkjudeildir muni verða öflug vitni í lokaverki Guðs.

Þetta er ákall Biblíunnar til fólks Guðs sem er í Babýlon (kaþólsku kirkjunni og fráfallinni mótmælendakirkju): **„Gangið út mitt fólk, út úr henni, svo að þér eigið engan hlut í**

syndum hennar og hreppið ekki plágur hennar.“ (Opb. 18.4).

Samkvæmt þessum texta er að finna mikinn fjölda af Guðs fólki í Babýlon. Getur verið að meirihlutinn af fólki Guðs sé í Babýlon? Þegar það öðlast ljós frá orði Guðs og sér að það hefur verið blekkt, rétt eins og Marteinn Lúter, mun það hlýða kalli Guðs og koma út úr Babýlon til að hafa orð Guðs sem leiðarljós sitt.

Ef þú tilheyrir kirkju sem boðar einhverja af þessum tíu óbiblíulegu kenningum sem við höfum fjallað um, mættirðu þá koma út úr þeirri kirkju svo að þú hreppir ekki plágurnar sem munu falla yfir hina óguðlegu (Opb. 21.8). Það er ekki vænlegt

að vera með annan fótinn Guðs megin en hinn í Babýlon. Við þurfum að standa styrkum fótum með fylkingu Drottins. Ekki halda að þú munir hljóta frelsun fyrir það eitt að tilheyra meirihlutanum. Samkvæmt Biblíunni munu, við endalok tímans, verða uppi leifar af fólki sem játar að vera fólk Guðs. Biblían lýsir þessum hóp í fáum orðum: ***„Hér er þolgæði hinna heilögu, þeirra er halda boðorð Guðs og hafa trú Jesú.***“ (Opb.14.12) ...ekki í okkar eigin mætti heldur með Guðs mætti hið innra. (Fil.2.13). Þetta eru hinar trúföstu leifar Guðs við endalokin. Þær eru einhuga alveg eins og fylgjendur Jesú voru á Hvítasunnudag. Þær hafa hugarfar Krists. (Gal.5.22). Mættum við verða hluti af þessum leifum.



Kærar kveðjur
Abel og Bente Struksnes
Vestrumsbygda 26, 2879 Odnes, Noreg
www.endtime.net

Til að fá meiri upplýsingar um þetta efni eða efni tengd þessu, farið á:
www.amazingfacts.org
www.amazingdiscoveries.org
www.greatcontroversy.net



100 bækur gefins!

Fyrstu 100 sem hafa samband við eftirfarandi netfang eiga þess kost að fá bókina “**Deilan mikla**” gefins.

KIT, Pósthólf 77, 815 Þorlákshöfn, endurkoman@gmail.com



GREGORIUS XIII PONT MAX

*500 árum
eftir Lúter:*

**10 nýjar
greinar á
kirkju-
dyrunum!**